



Neytendablaðið

Ákall um stafræna vernd og bann við njósnauglýsingum



OKTÓBER 2021

- Bómullarræktun
- ekki er allt sem sýnist
- Kennitölufلاك
þarf að stoppa
- Er naumhyggja
málið?

Efni

Frá NS	3
Plastúrgangur	4
Dópamindemba	6
Njósnað á netinu	8
Merkingar á matvælum	10
Óhollustuauglýsingar	11
Innheimtustarfsemi	12
Frá formanni	13
Kennitölufلاك	14
Fasteignakaup	16
Molar	20
Lánshæfismat	21
Hamprækt	23
Bómull	26
Grisjað til gleði	28



Neytendablaðið

2. tbl. 67 árgangur 2021
Útgefandi: Neytendasamtökin, Guðrúnartúni 1, 105 Rvk.
Sími: 545 1200
Veffang: www.ns.is
Netfang: ns@ns.is
Ritstjóri: Brynhildur Pétursdóttir
Ritstjórn: Brynhildur Pétursdóttir, Breki Karlsson,
Ívar Halldórsson
Ábyrgðarmaður: Breki Karlsson
Umbrot og hönnun: Arnar Tr.
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja
Forsíðumynd: Istockphoto
Upplag: 8.350 eintök

Óheimillt er að nota upplýsingar úr Neytendablaðinu í auglýsingar og við sölu nema skriflegt leyfi liggja fyrir.

Leiðarinn

Neyslu- eða naumhyggja



Enginn deilir lengur um að loftslagsbreytingar af mannavöldum eru raunveruleg ógn sem brýnt er að bregðast við. Vissulega eru enn einhverjar efasemdaraddir þarna úti en þær hafa sem betur fer ekki lengur þá burði að geta afvegaleitt umræðuna. Samhliða því að losa of mikið af gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið göngum við svo á auðlindir jarðar að stórsér á. Þá eru úrgangsmál víða í ólestri og úrgangur sendur heimshorna á milli í stað þess að hver þjóð taki ábyrgð á sínum málum.

Verkefnið er yfirþyrmandi en það er gerlegt. Reynslan hefur sýnt að þegar hætta steðjar að – Covid er nærtækasta dæmið – eru stjórnvöld tilbúin að grípa til aðgerða, jafnvel óvinsælla. Þegar kemur að loftslagsvánni eru aðgerðir ekki jafn hnitmiðaðar, væntanlega vegna þess að hætta er ekki jafn augljós og þótt fyrir liggja að afleiðingarnar muni bitna á börnum okkar og barnavörnum. Þá eigum við það til að hugsa fyrst og fremst um eigin hag. Við viljum njóta þess sem lífið hefur upp á að bjóða meðan á dvölinni hér stendur.

Við vitum að neyslan er rót vandans og við notum margfalt meira en við raunverulega þurfum og margfalt meira en jörðin getur staðið undir. Við erum uppteknari af því að endurvinna en að draga úr neyslu og vissulega er frábært að fara með notuðu fötin í Rauða krossinn. Betra er þó að sleppa því að kaupa flík sem ekki er þörf fyrir og verja peningum beint til góðgerðarmála í staðinn. Heimurinn er svo yfirfullur af fötum að sum lönd eru jafnvel hætt að taka við notuðum fötum. Þetta er bara eitt dæmið um ofgnóttina en lýsandi fyrir þær aðstæður sem við höfum komið okkur út í.

Stjórnvöld bera ábyrgð á því að leiða okkur á rétta braut og þau verða að búa til rétta hvata, svo sem að tryggja að þeir borgi sem menga. Í raun ættu aðgerðir stjórnvalda sem ganga út á að minnka losun gróðurhúsalofttegunda aldrei að teljast umdeildar því hinn kosturinn er ekki í boði. Við neytendur þurfum líka að líta í eigin barm því neysluhyggjan sem ráðið hefur ríkjum er ekki sjálfbær, hún er í raun rót vandans. Sífelld fleiri setja því spurningarmerki við eigin neyslu og taka upp lífsstíl sem er meira í ætt við naumhyggju en neysluhyggju. Slíkur lífsstíl er ekki bara betri fyrir umhverfið því eins og lesa má hér í blaðinu getur hann líka gert okkur hamingjusamari og sáttari í eigin skinni.

Brynhildur Pétursdóttir



Aðalfundur

Aðalfundur Neytendasamtakanna verður haldinn laugardaginn 30. október. Fundur hefst kl 10:00 og honum lýkur á hádegi.

Fundurinn verður haldinn í Guðrúnartúni 1 á fyrstu hæð en samtökin fluttu í nýtt húsnæði í maí sl. Verði samkomutakmarkanir í gildi mun fundurinn fara fram með rafrænum hætti.

Skuldlausir félagsmenn hafa rétt til að sitja aðalfund og skal skráning fara fram fyrir 23. október. Nánari upplýsingar um aðalfund má nálgast á ns.is.

Leigjendaaðstoðin

- nýr samningur undirritaður.

Neytendasamtökin hafa rekið aðstoð fyrir leigjendur í um áratug og er óhætt að segja að mikil eftirspurn sé eftir þjónustunni. Í vor var þjónustusamningur við félagsmálaráðuneytið endurnýjaður og að þessu sinni til tveggja ára í stað eins áður. Heimasíða Leigjendaaðstoðarinnar hefur verið uppfærð og er nú aðgengileg á íslensku, ensku og pólsku. Þar má finna mikið magn upplýsinga fyrir bæði leigjendur og leigusala og er lénið leigjendur.is.

Á myndinni má sjá Kolbrúnu Örnu Villadsen, stjórnanda Leigjendaaðstoðarinnar, Ásmund Einar Daðason félagsmálaráðherra og Breka Karlsson, formann Neytendasamtakanna, en myndin var tekin við undirritun í vor.



Vaxtamálið

Um þessar mundir stendur gagnasöfnun yfir í Vaxtamálinu svokallaða, sem lýtur að því að Neytendasamtökin telja skilmála vel flestra lána með breytilegum vöxtum vera ólöglega, þar sem vaxtaákvæðanir eru verulega matskenndar og ógegnsæjar og því ekki hægt að sannreyna hvort þær séu réttmætar.

Alls hafa rúmlega 1.200 skráð sig til þátttöku í málarekstri Neytendasamtakanna gegn bönkunum. Umfangið er nokkru meira en gert var ráð fyrir og er ekki ólíklegt að gögnin nái yfir á fimmta þúsund lána. Gert er ráð fyrir að bönkunum verði stefnt nú í haust eða vetur. Markmiðið er tvíþætt, annars vegar að koma í veg fyrir ósanngjarna og ólöglega skilmála og hins vegar að endurheimta ofgreidd vaxtagjöld sem Neytendasamtökin telja lánastofnanir hafa innheimt af lántökum, sem í sumum tilfellum geta numið verulegum upphæðum.

Það er mikilvægt fyrir alla lántaka að taka þátt í Vaxtamálinu og slíta fyrningu, því annars gætu kröfur fallið niður og lántakar orðið af endurgreiðslu sem þeim ber. Hægt er að fá allar upplýsingar og skrá sig til þátttöku á vaxtamalid.is.



Plastúrgangur

Neytendasamtökin og Landvernd héldu fyrr á árinu opinn fund um plastúrgang. Fundurinn var vel sóttur enda málefnið afar brýnt.

Hvað verður um plastið?

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson, blaðamaður hjá Stundinni, fór yfir úttekt sem hann birti í Stundinni í fyrra.

Rannsóknir hans leiddu ýmislegt áhugavert í ljós, en meðal þess sem kom fram í greininni var að Ísland hefur sent stóran hluta þess plasts sem skilar sér til endurvinnslu til umdeilds fyrirtækis í Svíþjóð. Það fyrirtæki hefur verið undir lögreglurannsóknum í þremur ríkjum.

Langstærstum hluta þess plasts sem sænska endurvinnslufyrirtækið fékk til sín var brennt en tölur sem það og íslensku endurvinnslufyrirtækin skiluðu til Úrvinnslusjóðs sýndu að allt að 50% af öllu plasti sem þau tóku við hafi verið endurunnið. Í raun var þessi tala mun lægri. Samkvæmt rannsókn sem gerð var af norska skilakerfinu Grøne Punkt fóru eingöngu um 19% af öllu plasti sem sænska endurvinnslufyrirtækið tók við í endurvinnslu. Þá endaði hluti plastsins á safnhaug í smábænum Jurmala í Lettlandi. Þar brann það og var það eitt af stærstu umhverfisslysunum í sögu Lettlands. Þá endaði íslenskt plast einnig í vöruhúsi í Svíþjóð, þar sem það situr enn.

Bjartmar segir löggjöfina hafa brugðist umhverfissjónarmiðum þegar kemur að úrvinnslu á plastúrgangi. Markaðurinn sé ekki að fara að leysa vandamálið og það sé óraunhæft, og í raun óréttlátt, að setja ábyrgðina á neytendur. Bann á einstaka plastvörur til neytenda hafi lítil áhrif, enda er því spáð að plastframleiðsla eigi eftir að fara úr 400 milljónum tonna á ári nú í 600 milljónir tonna árið 2030. Þá er það ógnvekjandi staðreynd að helmingur af öllu plasti í heiminum hefur verið framleiddur eftir árið 2000.

Stjórnvöld þurfa að setja löggjöf til að neytendur hafi réttu tólin til að minnka plastnotkun og koma plastúrgangi í réttan farveg. Þá þarf að liggja fyrir hvað verður um plastúrganginn svo að hvatinn til endurvinnna detti ekki niður.

Plast endurunnið á Íslandi

Áslaug Hulda Jónsdóttir er viðskipta- og þróunarstjóri hjá Pure North Recycling, sem tekur við úrgangsplasti og framleiðir úr því hrávöru sem nýtt er í nýjar plastvörur. Jarðvarminn er nýttur til framleiðslunnar og allt kapp er lagt á að ferlið sé eins umhverfisvænt og hægt er. Áslaug segir mikla möguleika fólagna í endurvinnslu plasts hér á landi en Pure North


tekur á móti plastfilmu og harðplasti en mest er þó endurunnið úr heyrulluplasti. Í upphafi árs var staðan þannig eftir sex ára starfsemi að plast vantaði til endurvinnslu þrátt fyrir að fyrirtækið hefði allan tækjabúnað kláran og starfsfólk á launum. Ástæðan var sú að plastið var að langmestu leyti sent óunnið úr landi. Í úttekt sem gerð var af verkfræðistofunni Eflu kom í ljós að óhreinindi í heyrulluplasti töldu heil 70% en plastið sjálft aðeins 30%. Með nýjum lögum

sem samþykkt voru í sumar um hringrásarhagkerfið hefur orðið breyting á og segir Áslaug að nú vanti þau ekki lengur hráefni og málin séu að þróast í rétta átt.

Starfshópur umhverfis- og auðlindaráðherra um málefni plasts hefur lagt til að skilagjald verði

sett á fleiri plasttegundir og segir Áslaug mikilvægt að því verði hrint í framkvæmd. „Það þarf að búa til hringás og þar spila fjárhagslegir hvarar stórt hlutverk. Það má ekki vera hagstæðara að senda úrganginn okkar óunninn úr landi. Við berum ábyrgð á því hvar úrgangurinn okkar endar, við getum ekki sent ábyrgðina yfir til fátækari landa þar sem innviðir eru veikir og endurvinnsla lítil.“ Þá þurfi fjárhagslega hvata til að ýta undir notkun





á endurvinnanlegum vörum. „Það á að vera dýrara að nota einhverja bastarða sem eru algjörlega óendurvinnanlegir.“

Tölur og gögn skipta máli

Áslaug segir mjög mikilvægt að tölfræðin í kringum úrgangsmálin verði betri því það skipti máli að unnið sé með réttar tölur, ekki síst fyrir fyrirtæki sem starfa á þessum vettvangi. „Við þurfum að vita hvar við stöndum og hvert við stefnum. Það er erfitt að byggja upp fyrirtæki og viðskiptaáætlanir þegar gögn, upplýsingar um magn og tölu, eru hvorki aðgengileg né rétt.“ Áslaug segir mörg tækifæri á þessum vettvangi. „Við erum að byggja upp nýja atvinnugrein á Íslandi og það þarf fleiri fyrirtæki á þessu sviði. Úrgangur getur verið auðlind og við getum skapað verðmæti og störf og það vegur líka þungt inn í loftslagsmálin,“ segir Áslaug að lokum.

Minnka þarf sóun

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar, gerði Úrvinnslusjóð að umfjöllunarefni. Hún segir sjóðinn hafa í hendi sér að draga verulega úr plastnotkun og auka endurvinnslu. Að vísu hafi umhverfisávinningur ekki verið hluti af starfssviði sjóðsins fyrr en með nýlegri lagabreytingu en nú sé brynt að bæta úr og Úrvinnslusjóður þurfi að fylgjast með því að plastið sem greitt er

fyrir fari í raunverulega endurvinnslu sem mætir ströngum gæðakröfum. Stjórn úrvinnslusjóðs er í höndum atvinnulífsins, sem Auður segir geta skýrt slæga frammistöðu sjóðsins hvað varðar til dæmis plastendurvinnslu frá sjávarútvegi og byggingariðnaði. Landvernd og Neytendasamtökin hafa gert kröfu um sæti í stjórn Úrvinnslusjóðs og segir Auður brynt að stjórn sjóðsins endurspegli samfélagið betur og að umhverfis- og almannaheillahagsmunir eigi fulltrúa innan hennar. „Sjávarútvegur og byggingariðnaður verða sem dæmi að gera miklu betur þegar kemur að því að skila inn plasti til endurvinnslu og Úrvinnslusjóður er tækið sem núverandi kerfi býður upp á. Því þarf að beita eins og hægt er til þess að hámarka endurvinnslu og lágmarka notkun á plasti.“

Í forgangi að minnka úrgang

Auður segir forgangsræði að minnka úrgang og að endurvinnsla sé neyðarúræði. Áherslan eigi því að vera á minni notkun, framleiðslu og innflutning á plasti í samræmi við forsendur hringrásarhagkerfisins. Það sé enda mjög erfitt að endurvinna plast svo vel sé. Þetta sé bráðnauðsynlegt og sameiginlegt verkefni alls samfélagsins. Auður segir bann við urðun úrgangs og urðunarskatt



vera nærtæk tól til að koma okkur á rétt spor en einnig þurfi breyttan hugsunarhátt heilt yfir. Landvernd hefur lagt áherslu á neyslupríhyrninginn, sem byggir á fimm skrefum sem hafa þarf í huga

þegar ákvarðanir um ný kaup eða afdrif vöru eru teknar. Skrefin eru: Endurhugsa, afpakka, einfalda og kaupa minna, endurnýta og loks endurvinna. Fyrsta skrefið og það mikilvægasta er að endurhugsa þarfirnar og finna nýjar lausnir sem falla að hringrásarhagkerfinu. Næsta skref er að afpakka allt sem er óþarfi. Þegar búið er að endurhugsa þarfirnar og afpakka óþarfa er komið að því að einfalda vörukaup og minnka þau eins og hægt er. Aðföng sem nú þegar eru til staðar verður síðan að nýta til fulls eða reyna að koma þeim í raunverulega notkun annars staðar. Lokaúræðið, sem á bara að nota í neyð, er að endurvinna aðföngin þannig að hráefnin sem þau eru gerð úr geti komist aftur inn í hringrásina. Að farga eða urða er samkvæmt þessu ekki valkostur, segir Auður.

Dóþamíndemba

Á undraskömmum tíma hefur netnotkun orðið óaðskiljanlegur hluti af lífinu og fæstir fara í gegnum daginn án þess að klicka, tékka, horfa, skoða, spila, surfa og læka. Tíminn sem fer í þessa iðju er meiri en flestir gera sér grein fyrir og ef marka má sérfræðinga er einkum tvennt sem kemur til; dóþamín og snjóll hönnun.

Anna Lembke, geðlæknir og prófessor við Stanford-háskóla, gaf nýlega út bókina „Dopamine Nation: Finding Balance in the Age of Indulgence“ (Dóþamínþjóðin: að finna jafnvægi á tímum sjálfsþægðar). Lembke telur að aukna tíðni kvíða og þunglyndis á Vesturlöndum megi m.a. rekja til þess að heilinn sé „hooked on“ eða háður taugaboðefninu dóþamíni. Dóþamín kemur við sögu hvort sem um er að ræða atferlisfíkn eða vímuefnafíkn. Einkennin eru eins en munurinn liggur í magni og styrkleika.

Fasta í mánuð

Í starfi sínu segist Lembke sjá sífellt fleiri sem þjáist af þunglyndi og kvíða, þar á meðal ungt fólk, með góða menntun og við góða heilsu, sem ekki glímur við áföll, fátækt eða annað sem skýrt geti ástandið. Ástæðan sé einfaldlega of mikið dóþamín; taugaboðefni sem framkallar vellíðun.

Lembke tekur dæmi af rúmlega tvítugum skjólstæðingi sínum sem þjáðist af lamandi kvíða og þunglyndi. Hann hafði flosnað upp úr námi, bjó í foreldrahúsum og spilaði tölvuleiki daglega langt fram á nótt. „Fyrir 20 árum hefði ég skrifað upp á þunglyndislyf fyrir skjólstæðing með þessi einkenni og beitt hefðbundinni

meðferð,“ segir Lembke, en í dag eru ráðleggingarnar af allt öðrum toga eða dóþamínfastu. Manninum var því ráðlagt að halda sig alfarið fjarri öllum skjáum og tölvuleikjum í einn mánuð.

Heilinn leitar í jafnvægi

Lembke útskýrir þetta þannig að þegar við gerum eitthvað ánægjulegt losar heilinn smá dóþamín og okkur líður vel. Heilinn leggur sig fram um að viðhalda stöðugleika sem þýðir að þegar dóþamín-framleiðslan fer í gang reynir heilinn að ná jafnvægi og fletja út áhrifin. Þegar ánægjutilfinningin dvínar upplifum við gjarnan smá þirring og leiðindi en ef við bíðum nógu lengi hverfur óþæginda-tilfinningin og jafnvægi næst. Það er þó mannleg tilhneiging að vinna gegn þessu ferli og sækja aftur í það sem veitti okkur vellíðunartilfinningu, með öðrum orðum að krækja í nýjan dóþamínskammt.

Fráhvarfseinkenni

Ef við höldum uppteknum hætti yfir langan tíma myndast þol og við þurfum sífellt meira magn dóþamíns til að ná sömu vellíðunartilfinningu og fráhvarfseinkennin verða verri. Þau eru, óháð því hvaða ávanabindandi efni eða hegðun er um að ræða; kvíði, þirringur, svefnleysi, eirðarleysi og óhófleg löngun.

Tölvuleikjaspilarinn fann sig því knúinn til að halda áfram að spila tölvuleiki, ekki ánægjunnar vegna heldur til að viðhalda venjulegu ástandi.

Þrátt fyrir aukna velsæld í okkar heimshluta hefur tíðni þunglyndis aukist mikið á síðustu þrjátíu árum. Lembke segir erfitt að sjá hvað er orsök og hvað er afleiðing í eltingaleiknum við dóþamín. Það sé ekki fyrir en búið er að taka hvíld frá fíkninni sem við sjáum raunveruleg áhrif neyslunnar á líf okkar. Lembke segist þess vegna biðja skjólstæðinga sína, eins og unga manninn, að hætta tölvuleikjaspilun í einn mánuð til að gefa heilanum færi á að ná jafnvægi. Það sé ekki auðvelt en í tilfelli fyrrnefnds tölvuspilara hafði það tilætluð áhrif. Hann náði að vinna bug á fíkninni og setti sér strangar reglur um tölvuleikjanotkun svo sem að spila aðeins tvisvar í viku og ekki meira en tvo tíma í senn. Hann forðaðist leiki sem eru sérstaklega ávanabindandi og spilaði aðeins með vinum, ekki ókunnugum.

Lembke er ein viðmælenda í myndinni „The Social Dilemma“, sem sjá má á Netflix og óhætt er að mæla með.



Hönnuð ávanabinding

Í stórgóðri bók sinni, „Irresistible“, sem kom út 2017, fer Adam Alter meðal annars ofan í saumana á því hvers vegna við höfum ánetjast rafrænum tækninýjungum eins og Netflix, Facebook, Instagram, Fitbit og Twitter á undrastuttum tíma. Samkvæmt honum er hér engin tilviljun á ferð því tæknifyrirtækin hafa her sérhæfðs starfsfólks á sínum snærum sem hafa það eina markmið að framleiða ávanabindandi tækni. Þau séu mörgum skrefum á undan okkur.

Ein aðferð er að gera notkunina „botnlaus“ ef svo má segja. Á Instagram má alltaf sjá nýtt myllumerki til að ýta á, nýja mynd til að skoða og hægt er að skrolla niður opunarsíðuna endalaust og það sama á við um Facebook. Netflix setur næsta þátt af stað áður en tími gefst til að seilast í fjarstýringuna og Tinder hvetur fólk til að slöngva til hliðar hægri, vinstri í von um betri kost en hönnun Tinder byggir á sama prinsippi og spilakassar.

Þá vakti það athygli Alter að stærstu nöfnin í tæknigeiranum gera sér augljóslega mjög vel grein fyrir neikvæðum afleiðingum nettækjanotkunar. Evan Williams, stofnandi Blogger, Twitter og Medium, keypti bækur í stórum stíl fyrir

syni sína en tók ekki í mál að gefa þeim iPad. Steve Jobs sagði í viðtali árið 2010 að börnin hans hefðu aldrei notað iPad og að aðgangur að tækjanotkun á heimilinu væri takmarkaður. Chris Anderson, fyrrum ritstjóri Wired, setti ströng tímamörk á tækjanotkun á heimilinu og bannaði t.d. öll tæki inni í svefnherbergjum. Það ætti því að vera ákveðin vísbending fyrir okkur hin ef þeir sem best þekkja til tækninnar telja nauðsynlegt að takmarka notkunina.

Að slíta sig frá símanum

Snjallsímanotkun getur verið svo ávanabindandi að mörgum reynist mjög erfitt að minnka hana þrátt fyrir góðan ásetning. Þegar notkunin verður þráhyggjukennnd er hægt að tala um snjallsímafíkn (nomophobia).

Í bók Alter segir frá Kevin Holesh, forritara sem taldi sig farinn að verja of miklum tíma í símanum á kostnað samveru með fjölskyldunni. Þar sem hann vann við að hanna smáforrit tók hann sig til og hannaði forritið Moment en það mælir hversu miklum tíma fólk ver í símanum. Tíminn sem fer í að tala í símann eða hlusta á tónlist er ekki tekinn með. Alter hlóð forritinu niður og komst að því að á hverjum degi varði hann að meðaltali þremur tímum í símanum og

tók hann upp 40 sinnum. Þegar hann spurði Holesh hvort þetta væri dæmigerð notkun sagði hann svo vera og algengt væri að fólk gripi til símans 39 sinnum á dag og þá ekki til að tala í hann heldur til að skoða tölvupóst, senda skilaboð, spila leiki, surfa á netinu og lesa greinar. Að sögn Holesch er algengt að fólk áætli að það eyði helmingi minni tíma í símanum en raunin er.

Tækni hefur gjörbreytt lífi okkar og tilhugsunin um heim án internets, samfélagsmiðla, tölvuleikja og streymisveita er óhugsandi. Ýmislegt bendir þó til þess að tækni sé farin að stjórna okkur meira en góðu hófi gegnir og það er ekki vegna skorts á sjálfsaga notenda heldur vita fyrirtækin nákvæmlega hvað þau eru að gera. Vandamálið er að þau eru skrefi á undan og það tekur tíma fyrir samfélög að sjá afleiðingar ofnotkunar nýrrar tækni. Það að Steve Jobs hafi haldið iPad frá börnunum sínum hlýtur þó að segja meira en mörg orð.

Njósnað á netinu

Neytendasamtök fara fram á bann við auglýsingum byggðum á eftirliti

Á undanförunum árum hefur eftirlitshagkerfið rutt sér freklega til rúms og nánast allt það sem neytendur aðhafast, hvort heldur er á netinu eða utan þess, er vaktað og skráð og því safnað saman og deilt með það fyrir augum að gera auglýsingar einstaklingsmiðaðar. Upplýsingum um smekk fólks, innkaupahegðun, heilsu, kynhneigð, pólitískar skoðanir og staðsetningu hverju sinni er safnað og þær nýttar í beina markaðssetningu og jafnvel miðlað til þriðja aðila. Þessir viðskiptahættir geta leitt til þess að neytendur verða fyrir barðinu á svikastarfsemi, mismunun, blekkingum og persónuverndarbrotum. Í skýrslu sem norsku neytendasamtökin, Forbrukerrådet, gáfu út nú í sumar er fjallað um þau neikvæðu áhrif sem þessi eftirlitsstarfsemi hefur á neytendur og samfélagið allt.

Neytendur kæra sig ekki um vöktun

Eftirlitshagkerfinu er stundum ranglega lýst sem einhvers konar samkomulagi sem felst í því að neytendur leyfa fyrirtækjum að fylgjast með sér gegn því að fá aðgang að rafrænu efni. Eins og skýrsla norsku neytendasamtakanna sýnir hins vegar kærir meirihluti neytenda sig ekki um að fylgst sé með netnotkun þeirra.

Í viðhorfskönnun sem Forbrukerrådet lét gera kom í ljós að neytendur hafa ekki áhuga á auglýsingum sem byggja á persónusniði og eftirliti með notendum. Aðeins einn af hverjum tíu var ánægður með slíka markaðssetningu og tveir af tíu töldu hana ásættanlega. Niðurstöðurnar sýna svart á hvítu að fólk vill ekki láta njósna um sig á netinu og senda skýr skilaboð til stjórnvalda um að bæta löggjöf á þessu sviði.

Þessi afstaða neytenda ætti ekki að koma á óvart enda er fólk almennt illa við að gefa upp persónuupplýsingar til þriðja aðila. Í tilraun sem dönsku neytendasamtökin Tænk gerðu voru viðskiptavinir bakarís beðnir um símanúmer, póstnúmer og aðrar persónuupplýsingar. Fólk varð hvumsa við og taldi eðlilega ekki

ástæðu til að upplýsa um slíkt. Var þarna verið að sýna fram á að sú umfangsmikla upplýsingasöfnun sem viðgengst á netinu er á engan hátt réttlæt看leg og fæst ekki viðgengist í raunheimum.

Aðrir möguleikar í markaðssetningu

Þeir sem tala fyrir óbreyttu ástandi halda því gjarnan fram að bann við auglýsingum sem byggja á eftirliti muni hafa neikvæð áhrif á seljendur og leiða til hærri kostnaðar sem bitni á neytendum. Ástæðan er sú að megnið af því ókeypis efni sem neytendur hafa aðgang að á netinu er fjármagnað með auglýsingum. En það eru til aðrar leiðir í auglýsingamennsku, sem byggjast ekki á njósnum um náungann, og sýnt hefur verið fram á að slíkar leiðir má nota án þess að það hafi marktæk áhrif á tekjur. Þannig gætu neytendur til dæmis sjálfir ákveðið hvers konar auglýsingar þeim hugnast. Seljendur geta einnig – líkt og gert er í hefðbundinni markaðssetningu – beint auglýsingum að fyrirfram gefnum markhópi. Dæmi um slíkt er birting auglýsingar um flug til Englands í tengslum við grein um enska boltann.

Krafa um aðgerðir beggja vegna Atlantsála

Fjöldi samtaka og sérfræðinga hafa nú kallað eftir breytingum. Í júní sl. var opið bréf sent til stefnumótenda og stjórnvalda í Evrópu og Bandaríkjunum og gerð krafa um bann við eftirlitstengdum auglýsingum. Í bréfinu segir m.a. að auglýsingar sem byggja á eftirliti dragi fram ýmiss konar álitamál varðandi friðhelgi einkalífsins, en þær valdi jafnframt, og magni upp, fjölmörg önnur vandamál. Þá yti slíkar auglýsingar undir kerfisbundna stýringu og mismunun, ógni þjóðaröryggi og fjármagni falsfréttir og kyndi undir svikastarfsemi, auk þess sem þær grafi undan eðlilegri samkeppni og hamli því að þeir sem framleiða efni á netinu hafi af því eðlilegar tekjur. Í bréfinu segir m.a. orðrétt; „Hið kerfisbundna eftirlit sem við búum við á auglýsingamarkaði getur ekki á nokkurn hátt talist vera sanngjarnt gagnvart neytendum. Við köllum eftir eindreginni og skýrri afstöðu og vonumst til þess að Evrópusambandið íhugi bann



við auglýsingum byggðum á eftirliti, innan ramma stafrænnar þjónustulöggjafar ESB, og að Bandaríkin komi á laggirnar löngu tímabærri alríkislöggjöf um friðhelgi einkalífsins.“

Fyrirtæki fylgja framtakinu eftir

Í framhaldi af þessum aðgerðum sendu 14 netfyrirtæki samskonar ákall til yfirvalda og bentu á að vel sé hægt að reka ábatasöm fyrirtæki án þess að brjóta á persónuvernd einstaklinga. Þá sé það varhugaverð þróun að tiltölulega fá stór fyrirtæki nái samkeppnisforskoti með því að safna ógrynni af gögnum á kostnað friðhelgi neytenda. Meðal fyrirtækja sem skrifa undir bréfið eru Vivaldi Technologies, Disconnect, Mailfence og DuckDuckGo.

Hvað geta neytendur gert?

Eins og fyrr segir er fólk almennt á móti því að persónulegum upplýsingum sé safnað og þær nýttar í markaðslegum tilgangi, jafnvel pólitískum, eins og dæmin sanna. En hvað getur fólk gert til að sporna við þessari þróun? Er eina ráðið að hætta á samfélagsmiðlum, hætta að sörfa á netinu og taka upp lifnaðarhætti fyrri tíma?

Neytendablaðið leitaði ráða hjá Tóta Stefánssyni, öðrum stofnenda Mobilitus, og spurði hvort og hvernig fólk geti hulið slóð sína á netinu. Tóti segir það kannski hægara sagt en gert en þó sé ýmislegt sem hægt sé að gera. „Fyrir það fyrsta skiptir máli hvaða vafri er notaður. Sem dæmi þá lokar Firefox á svokallaða rekjara, „trackers“, sem hafa það hlutverk að rekja ferðir fólks og deila upplýsingunum með greiningarfyrirtækjum, auglýsendum og öðrum sem hafa hagsmuni af því halda utan um og eiga slík gögn.“ Safari-vafriinn er af sama meidi og segir Tóti að fyrsta skrefið, fyrir þá sem vilja verja sig, sé að skipta yfir í vafra eins og Firefox, Safari eða Vivaldi. Með því móti er lokað fyrir að t.d. Facebook og önnur auglýsingakerfi fái veður af því að neytandi skoði eða kaupir sér skó á netinu og viðkomandi losnar þá við óteljandi skóaauglýsingar á Facebook í framhaldinu.

Nýjasta stýrikerfi Apple fyrir iPhone spyr fólk hvort það vilji leyfa svona rekjara og ríflega níu af hverjum tíu afþakka það pent. Sýnir þetta svart á hvítu að fólk vill ekki láta rekja ferðir sínar á netinu.

Chrome vinsæll en varasamur

Chrome varð um tíma uppáhaldsvafri flestra, þar sem Internet Explorer heltist úr lestinni og varð sífellt hægivirkari. Chrome bauð auk þess upp á alls kyns viðbætur. Markaðshlutdeild hans jókst því stöðugt enda enginn sérstaklega að spá í persónuverndarsjónarmið á þessum tíma. Tóti segir Chrome að mörgu leyti góðan vafra en hann sé hins vegar framleiddur af Google, sem lifir á sölu auglýsinga. Google hafi því enga hagsmuni af því að stoppa rakningu á Chrome og geri notendum ekki auðvelt fyrir að verjast rakningu eða vöktun.

Eitt af því sem festir fólk í ákveðnum vafra, svo sem Chrome, er að upplýsingar um alls kyns aðgangs- og lykilorð vistast allt að því sjálfkrafa. Það er óneitanlega mjög þægilegt en Tóti segir mun öruggara að nota forrit eins og LastPass eða 1Password í stað þess að vista aðgangsupplýsingarnar í vafranum.

Tóti segir að lokum að neytendur geti gert margt til að auka netöryggi og þeir geri rétt í að gefa þessum málum gaum. Í verstu tilfellum er verið að nota upplýsingar sem safnað er á netinu til að hafa áhrif á lýðræðislegar kosningar og ala á andúð og óeiningu í samfélaginu. Átak eins og það sem neytendasamtök hafa nú farið í sé því mikilvægt og aukin vitund virðist vera um þessi mál enda nauðsynlegt að fólk geti notið þess að nýta tæknina án þess að notendum og jafnvel lýðræðinu stafi ógn af.

Út úr kú

- QR-merkingar á umbúðum matvæla

Lögum samkvæmt eiga neytendur rétt á upplýsingum á umbúðum matvara, svo sem um innihaldsefni vörunnar, næringargildi, ofnæmisvalda og dagstimpill. Þessi réttur til upplýsinga er mjög mikilvægur og eitt fyrsta baráttumál Neytendasamtakanna, þegar þau voru stofnuð árið 1953, var einmitt að krefjast dagstimpils á matvæli. Einn fyrsti sigur samtakanna vannst þegar innlendir kaffiframleiðendur samþykktu að stimpla á kaffipoka hvenær kaffið hafði verið brennt og malað. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og réttindi neytenda til upplýsinga hafa stórbatnað en eftir því sem matvælaframleiðsla verður flóknari verður krafan um upplýsingar ríkari. Það kom Neytendasamtökunum því í opna skjöldu þegar drög að reglugerð sem ganga í raun gegn neytendavernd voru kynnt á samráðsgátt stjórnvalda fyrri part árs.

Skerða aðgengi að upplýsingum

Í stuttu máli heimiludu reglugerðardrögin seljendum að miðla lögbundnum upplýsingum á forpökkuðum matvörum í gegnum QR-kóða eða strikamerki. Þetta þýðir að upplýsingarnar þurftu ekki að vera á umbúðunum sjálfum. Til að nálgast þessar upplýsingar þyrftu neytendur að skanna kóðann með síma eða í þar til gerðum skanna í verslun. Rök ráðuneytisins voru þau helst að matvörur sem fluttar eru til landsins, frá til dæmis Bandaríkjunum, eru merktar með öðrum hætti en reglur á evrópska efnahagssvæðinu segja til um. Innflytjendur þurfa því að merkja þessar vörur sérstaklega og því fylgir kostnaður. Með því að heimila seljendum að miðla lögbundnum upplýsingum með þessum hætti myndi vöruverð lækka og neytendur gætu nálgast meiri upplýsingar en áður á auðveldan hátt.

Skemmst er frá því að segja að þessar hugmyndir fengu afar dræmar undirtektir. Í nær öllum umsögnum var bent á þá staðreynd að stjórnvöldum væri ekki stætt á að skerða aðgengi neytenda að þessum upplýsingum þar sem það bryti í bága við Evrópulög á þessu sviði. Þó rafrænar upplýsingar um vörur gætu verið góð viðbót við upplýsingar sem fram koma á umbúðum þá mættu þær ekki koma í stað umbúðamerkinga. Þá yrði þessi breyting mjög hamlandi fyrir neytendur sem þyrftu þá að skanna vöru til að nálgast grundvallarupplýsingar sem nú er skylt að hafa á umbúðum. Einnig yrði flóknara fyrir neytendur að sjá á augabragði þær upplýsingar sem þeir leita eftir og gera samanburð á milli vörutegunda.


Þá var að mati Neytendasamtakanna alveg ljóst að ef opnað er á heimild sem þessa munu einhverjir framleiðendur sjá sér leik á borði og fjarlægja þær upplýsingar af umbúðum sem eru

vörunni ekki til framdráttar, svo sem hátt hlutfall sykurs, hitaeiningaföldi og umdeild aukefni. Umbúðir yrðu þó áfram nýttar í markaðslegum tilgangi og þeim upplýsingum sem framleiðandi vill leggja áherslu á gert hátt undir höfði. Þá yrðu þær merkingar sem nú er límt yfir áfram á umbúðum en þær standast ekki íslensk lög alveg óháð því hvar réttar upplýsingar er að finna. Það þyrfti því væntanlega að fela þessar upplýsingar með límmiða og innflytjendur væru þá eftir sem áður í sömu stöðu.

Þann 20. maí sl. hélt landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra fund með hagsmunaaðilum og stofnunum og kom þar fram mikil gagnrýni á reglugerðadrögin. Heyrðist ekki meira af málinu og töldu Neytendasamtökin að það hefði einfaldlega dáíð drottni sínum enda vanhugsað frá upphafi. Það kom því mjög á óvart þegar samtökunum barst póstur frá ráðuneytinu í ágúst sl. um að málið væri aftur komið á dagskrá. Þó ætti að gera breytingu á drögunum til að koma til móts við áhyggjur hagsmunaaðila, að sögn, á þann hátt að áfram yrði skylt að merkja ofnæmisvalda á umbúðir. Var óskað eftir viðbrögðum Neytendasamtakanna við þessum hugmyndum. Samtökin svöruðu því til að umrædd reglugerð myndi eftir sem áður brjóta í bága við Evrópulöggjöf og hindra aðgengi neytenda að lögbundnum upplýsingum og að engin tilraun hefði verið gerð til að kanna hug neytenda til svo viðamikilla breytinga. Samtökin myndu beita sér gegn öllum breytingum sem miðudu að því að rýra rétt neytenda og takmarka aðgengi þeirra að lögbundnum upplýsingum.

Með því að íhuga breytingar á reglugerðardrögunum í þá veru að áfram verði skylt að merkja ofnæmisvalda á umbúðir er ráðuneytið auk þess sjálft að staðfesta hversu mikilvægt það er að lögbundnar upplýsingar komi fram á umbúðum.

Neytendasamtökin eru að sjálfsgöðu hlynnt því að tæknilausnir séu nýttar til að auka upplýsingagjöf til neytenda en það má aldrei vera á kostnað réttinda sem tekið hefur áratugi að tryggja.



Óhollustu beint að börnum

- kallað eftir strangari reglum

Það hefur lengi verið gagnrýnt hversu langt seljendur ganga í að auglýsa óhollustu fyrir börn og hversu úrræðalaus yfirvöld eru hvað þetta varðar. Þótt flestir virðist sammála um að sölumennska sem gengur út á að fá börn og unglinga til neyta óhollustu sé ósiðleg er lítið um aðgerðir. Evrópusamtök neytenda (BEUC) kölluðu eftir því fyrir nokkrum árum að framleiðendur hættu að nota teiknimyndafígúrus við markaðssetningu á matvöru sem ekki stenst næringarviðmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Algengt er að díssett morgunkorn og skyndibitaefæði sé auglýst með þekktum söguhetjum úr kvikmyndum eða eigin lukkudýrum og telja neytendasamtök slíka markaðssetningu siðlausu.

Þýskir foreldrar vilja aðgerðir

Neytendasamtök í Þýskalandi hafa nú gert þá kröfu að settar verði strangari reglur um óhollustuauglýsingar sem beint er að börnum. Verbraucherzentrale – Bundesverband (vzbv) eru regnhlífarsamtök fyrir 41 neytendasamtök í Þýskalandi og fara þau fyrir herferðinni.

Í könnun sem samtökin lögðu fyrir foreldra og aðra umönnunaraðila, svo sem afa og ömmur, kom í ljós að vilji er fyrir harðari aðgerðum. Helstu niðurstöður eru þessar:

- 90 prósent aðspurðra eru þeirrar skoðunar að auglýsingar hafi nokkur, mikil eða mjög mikil áhrif á börnin þeirra.
- 93 prósent vilja sjá hámarksörk á sykurl, fitu og saltinnihald í matvælum sem beint er að börnum.
- 77 prósent aðspurðra vilja að ríkið beiti sér meira til að stuðla að betri matarvenjum.
- 82 prósent aðspurðra finnst það verulega vafasamt að matvæli sem höfða til barna innihaldi í einhverjum tilfellum meiri sykurl en önnur matvæli.

Samtökin hvetja stjórnvöld til að vinna að strangari reglum og telja að tími sjálfseftirlits markaðarins sé liðinn. Í hverri einustu matvælaverslun séu vörur sem ætlað er að fanga athygli barna með litríkri hönnun, dýramótifum eða hasarmyndahetjum. Meirihluti umönnunaraðila er andvígur slíkri framsetningu af því að hún sé útsmogin og grafi undan heilbrigði. Einnig er kallað á strangari reglur varðandi hámarksinnihald af sykurl, fitu og salti.



Í máli samtakanna kemur enn fremur fram að hafi stjórnvöld raunverulegan áhuga á að veita fjölskyldum stuðning við að sjá börnum fyrir hollri næringu þurfi að huga að betra úrvali hollrar matvöru í verslunum og minna umfangi auglýsinga á vörum sem innihalda mikinn sykurl og fitu. Það gangi bara með strangari lagasetningu.

Blásið til herferðar á Spáni

Svipað er uppi á teningnum á Spáni en þar hafa spænsku neytendasamtökin OCU blásið til herferðar þar sem þess er krafist að stjórnvöld komi böndum á óhollustuauglýsingar sem beint er að börnum. Þess má geta að á Spáni glíma fjögur af hverjum tíu börnum við yfirþyngd eða offitu. Helstu kröfur samtakanna eru þessar:

- Að auglýsingar á óhollum matvælum (merktar D eða E í Nutriscore-kerfinu) verði bannaðar.
- Bannið taki til ólíkra miðla; sjónvarps, útvarps, netsins, kvikmyndahúsa, smáforrita, viðburða með styrktaraðilum o.s.frv.
- Að ekki sé horft til sérstaks áhorfstíma eins og algengt er, þar sem börn séu útsett fyrir auglýsingum öllum stundum.
- Að óhollustuauglýsingar í barnaefni, þar sem fram koma frægir einstaklingar (raunverulegir eða skáldaðir) og áhrifa-valdar, verði bannaðar.
- Að bann verði lagt við notkun einkennismerkja heilbrigðisstofnana og félaga á umbúðum, kynningum eða auglýsingum matvæla sem beint er að börnum.
- Að bannað verða að tengja matvæli sem beint er að börnum við gjafir, tilboð og þess háttar sem koma matvælunum á engan hátt við.

Neytendasamtökin taka undir með systursamtökum sínum í Þýskalandi og á Spáni og telja mikilvægt að börn njóti verndar gegn óhollustuauglýsingum. Skoða þarf stöðuna hér á landi, bæði með tilliti til umfangs óhollustuauglýsinga sem beint er að börnum og afstöðu foreldra og umráðamanna barna til slíkrar markaðssetningar. Eru stjórnvöld hvött til að ganga í málið.

Óboðleg innheimtulög



Það var ekki fyrr en árið 2008 sem lög um innheimtustarfsemi voru samþykkt á Alþingi en Neytendasamtökin höfðu kallað eftir slíkri löggjöf um árabíl. Þótt lögín hafi verið til mikilla bóta þarf að gera á þeim mikilvægar úrbætur bæði hvað varðar hámarksinnheimtukostnað og eftirlit með innheimtustarfsemi.

Eftirlit á einni hendi

Fjármálaeftirlitið fer með eftirlit með innheimtufyrirtækjum en innheimtustarfsemi félaga í eigu lögmanns er sérstaklega undanþegin og fer Lögmannafélag Íslands (LMFI) með eftirlit með henni. Telja Neytendasamtökin mjög brýnt að eftirlit með innheimtustarfsemi sé á einni hendi og hjá stofnun sem hefur heimild til að afturkalla starfsleyfi þegar það á við. Neytendasamtökin hafa bent á alvarlega annmarka þessa fyrirkomulags enda óeðlilegt að félagasamtökum sé gert að sinna slíku eftirliti.

Eitt sáu Neytendasamtökin þó ekki fyrir sem styður enn frekar þennan aðskilnað eftirlits og félagsstarfs. Einstaklingur, sem taldi félag í eigu lögmanns brjóta gegn innheimtulögum, sendi kæru fyrir úrskurðarnefnd lögmannna þar sem engin úrræði stóðu til boða önnur en höfðun dómsmáls, sem hann hafði ekki ráð á. Nefndin tók ekki afstöðu til aðalgrein- ingsefnisins, þ.e. hvort lögmanninum hafi verið heimilt að innheimta lán sem staðfest var að braut í bága við lög um neytendalán. Nefndin áminnti þó lögmanninn fyrir að stunda löginnheimtu sem augljóslega var ekki hugsuð sem undanfari réttarfarsaðgerða. Lögmaðurinn gat þó óáreittur haldið áfram fyrri starfsháttum enda úrræði Lögmannafélagsins svo til engin. Til að bíta höfuðið

af skömminni stefndi lögmaðurinn neytandanum fyrir dóm til þess að freista þess að fá úrskurði nefndarinnar hnekktt, en lét hjá líða að stefna lögmannafélaginu. Neytandanum var þannig gert að taka til varna vegna úrskurðar sem hann kom ekki að því að semja og gagnast honum ekki neitt. Samkvæmt því sem Neytendasamtökin komast næst er þessi galskapur viðtekinn.

Kostnaður margfaldast

Innheimtulögin eiga eingöngu við um innheimtu á fyrri stigum (frum- og milliinnheimtu) og þá gilda skýrar reglur um hámarksfjárhæðir. Ef, hins vegar, um er að ræða alvarleg vanskil og kröfur komnar í löginnheimtu eiga ákvæði laganna ekki við. Innheimtukostnaður getur því rokið upp úr öllu valdi. Í málum sem varða smálán og raðgreiðslulán er algengt að hver afborgun sem fer í vanskil sé innheimt sérstaklega. Vari vanskil í lengri tíma getur það leitt til þess að fjöldi afborgana fari í vanskil sem allar eru innheimtar sérstaklega þar til lánið er að endingu gjaldfellt.

Þar sem ekkert hámark er á innheimtukostnaði getur krafan margfaldast fari hún í vanskil. Hér má sjá dæmi sem Neytendasamtökin hafa fengið á sitt borð um raðgreiðslu þar sem höfuðstóllinn er rúmlega fimm þúsund krónur en er kominn upp í 31.700 kr.

Höfuðstóll	5.085 kr.
Dráttarvextir	864 kr.
Seðilgjald	298 kr.
Annar kostnaður	0 kr.
Innheimtukostnaður	25.447 kr.
Samtals til greiðslu	31.694 kr.

Í tilfelli hinna ólöglegu smálána var innheimtan mun ágengari en þá var hver krafa keyrð í löginnheimtu jafn fljótt og auðið var eftir að búið var að hámarka þann innheimtukostnað sem falla mátti á kröfur í frum- og milliinnheimtu. Tilgangurinn virtist vera að hámarka innheimtukostnað og var fjöldi krafna látinn liggja í „meintum“ löginnheimtufasa um árabíl, jafnvel þótt þessi innheimtuaðgerð sé hugsuð sem undanfari réttarfarsaðgerða sem aldrei var gripið til. Í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku hefur verið sett hámark á innheimtukostnað, ekki sist til að stemma stigu við smálánastarfsemi.

Neytendasamtökin hafa sent ítarlegt erindi á dómsmálaráðherra og kallað eftir því að sett verði þak á innheimtukostnað líkt og á Norðurlöndunum og að skikki verið komið á eftirliti með innheimtustarfsemi óháð starfsheiti eigenda þessara fyrirtækja. Þrátt fyrir ótal ítrekanir hafa engin svör borist frá ráðherra eða ráðuneytinu.



Frá formanni

Njósnið á netinu

Flest stöndum við í þeirri meiningu að fyrirtæki á netinu selji okkur auglýsingar þegar sannleikurinn er sá að það erum við, notendur, sem seld erum auglýsendum.

Það virkar á þann hátt að gífurlegu magni nákvæmra upplýsinga er safnað um okkur; hvað við skoðum, hvaða færslur á samfélagsmiðlum okkur líkar við, hvaða myndskreið höfðað til okkar, hvaða auglýsingar við stöldrum við, hvað við kaupum og svo framvegis. Jafnvel eru tölvupóstar okkar lesnir. Flest þekkjum við stóru tæknifyrirtækin fimm, Google, Apple, Facebook, Amazon og Microsoft, sem selja vörur og veita þjónustu sem flest okkar nota. Þau eru ekki bara ákaflega arðbær heldur hafa þau líka sérhæft sig í að selja upplýsingar um okkur til hæstþjóðanda. Því lengri tíma sem við verjum fyrir framan skjáinn, þeim mun verðmætari söluvara verðum við. Því gera samfélagsmiðlar og önnur netfyrirtæki allt sem í þeirra valdi stendur til að halda okkur límdum fyrir framan skjáina.

Þetta er vítahringur. Því lengri tíma sem við verjum fyrir framan skjáina, þeim mun fleiri smellir og viðlíkanir, því meiri gögnum safna stóru tæknifyrirtækin um okkur og þeim mun skilvirkari verða þau í að halda okkur límdum við vettvanga sína svo þau græði meira.

Hætturnar við þessa geigvænlegu söfnun og sölu upplýsinga eru margvíslegar, þar á meðal siðferðilegar. Einnig gæti öryggi okkar verið stefnt í voða með mögulegum gagnaleikum og misnotkun á upplýsingunum. Þar með er friðhelgi einkalífsins í hættu, en lýðræðinu er einnig búin hættu með söfnun og notkun þessara upplýsinga. Við höfum þegar séð hlutverk samfélagsmiðla í skautun samfélaga, meðal annars í kringum kosningar í Bandaríkjunum og þjóðaratkvæðagreiðslur í Bretlandi. Þá fjallaði Guardian nýverið um hvernig bresk stjórnvöld notuðu einstaklingsmiðaðar auglýsingar til að hnika fólki (e. nudge) og hafa áhrif á það. Þannig er miklum krafti varið í rannsóknir á því hvernig hægt sé að ráðskast með fólk og koma því á skoðanir sem það myndi annars ekki hafa. Slíkt er ekki bara óheppilegt heldur beinlínis hættulegt.

Sumir hafa bent á að með tilkomu nýlegra persónuverndarlaga í Evrópu, GDPR, þurfi neytendur að gefa leyfi til söfnunar og notkunar upplýsinga um sig, og þannig sé þetta einhvers konar samkomulag neytenda og stórfyrirtækja. Raunin er þó sú að við höfum ekkert annað val en að gefa endalaust skotleyfi á okkur sjálf, þrátt fyrir að rannsóknir sýni að fólk vilji ekki þessa upplýsingasöfnun.

Besta leiðin til að brjótast út úr þessum vítahring er að banna njósnaauglýsingar og fjarlægja fjárhagslegan hvata fyrir fyrirtæki til að safna og selja upplýsingar um okkur.

Í sumar sendu Neytendasamtökin, ásamt breiðfylkingu evrópskra og bandarískra neytenda- og mannréttindasamtaka, ákall til stjórnvalda um að þau beiti sér fyrir banni við auglýsingum á netinu sem byggja á persónusniði og eftirliti með neytendum. Breiðfylking evrópskra og bandarískra samtaka, auk fjölmargra fræðimanna, sendu á sama tíma opið bréf til stjórnvalda í Evrópusambandinu og Bandaríkjunum þar sem kallað er eftir slíku banni við auglýsingum á netinu sem byggja á persónusniði og eftirliti með notendum. Um þá mikilvægu baráttu er fjallað í blaðinu.

Verktaki fer í gjaldþrot

- neytandi situr uppi með milljóna tjón

Snemma árs 2018 ákvað félagsmaður að endurnýja glugga í húsi sínu og leitaði hann nokkurra tilboða í verkið. Hann ákvað að taka tilboði lítillar trésmiðju og pantaði 11 sérsníðaða glugga úr Oregon-furu. Þegar verkinu var lokið voru smiðir fengnir til að setja gluggana upp og fóru þá að koma í ljós ýmsir vankantar. Opnanleg fög voru skökk í gluggafalsi, sprungur sáust í gluggapóstum og í sumum þeirra var vaxfyllir, kvistir eru sýnilegir í póstum og fullir af vaxi og samsetningarnót horna þannig að saga þurfti hornin til svo þau pössuðu, svo fátt eitt sé nefnt. Þegar búið var að setja sex glugga upp af ellefu var ísetning stöðvuð því alltaf komu fleiri atriði í ljós. Smiðirnir töldu augljóst að gluggarnir stæðust ekki kröfur og voru tilbúnir að kvitta undir það. Hjónin kvörtuðu því til trésmiðjunnar og fóru fram á riftun, þ.e. endurgreiðslu á öllum gluggunum, enda um umfangsmikinn galla að ræða. Trésmiðjan taldi sig eiga rétt á að gera við umrædda galla en kaupendur töldu að fullreynt væri með það.

Unnu málið á öllum stigum

Þar sem ekki náðust sáttir sendu hjónin málið í til kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa. Í nóvember 2018 komst nefndin að þeirri niðurstöðu að hjónunum væri heimilt að rifta kaupunum og bæri trésmiðjunni að endurgreiða þeim andvirði glugganna enda væri um verulegan galla að ræða. Trésmiðjan sætti sig ekki við þessa niðurstöðu og sáu hjónin sig þá knúin að fara með málið fyrir dóm. Rúmu ári seinna, eða í desember 2019, komst héraðsdómur að sömu niðurstöðu og kærunefndin, þ.e. að hjónin hefðu rétt til að rifta kaupunum. Trésmiðjunni var þar að auki gert að greiða hjónunum skaðabætur vegna uppsetningar glugganna auk málskostnaðar. Trésmiðjan sætti sig heldur ekki við þá niðurstöðu og áfrýjaði málinu til Landsréttar. Í júní 2021 staðfesti Landsréttur dóm héraðsdóms en þá höfðu liðið þrjú ár frá því að hjónin sendu málið fyrst fyrir kærunefnd. Þegar niðurstaða Landsréttar lá fyrir hafði trésmiðjan hins vegar farið í þrot.



Sitja uppi með allan kostnað

Hjónin sitja því uppi með allan kostnað vegna ónothæfra glugga sem kostuðu vel yfir eina milljón króna, uppsetningu og vinnu við að taka gluggana niður auk málskostnaðar við tvö dómsmál. Krafan í dag nemur um þremur og hálfri milljón með dráttarvöxtum. Félagsmaður segir í samtali við Neytendablaðið að ekkert hafi gengið að sækja kröfuna á eiganda trésmiðjunnar. Við eftirgrennslan hafi líka komið í ljós að þetta var ekki í fyrsta sinn og ekki í annað sinn sem umræddur aðili hafi farið með fyrirtæki í gjaldþrot.



Aldrei var lokið við að setja alla gluggana upp þar sem fjölmargir gallar komu fram við uppsetningu. Samkvæmt dómssorði bar seljanda að endurgreiða félagsmanni allan kostnað en seljandinn fór í þrot og hefur í engu sinnt kröfu félagsmanns.

Þegar rýnt er í þetta tiltekna mál koma í ljós brotalamir í kerfinu sem brýnt er að bæta og hafa legið fyrir um langa hríð. Hér á landi eru engin takmörk fyrir því hversu oft einstaklingur getur stofnað ný hlutafélög þrátt fyrir sögu um ítrekuð gjaldþrot. Er í þessu sambandi talað um kennitölufلاك sem lítill vilji virðist vera til að taka á. Þá er mjög óheppilegt hversu langan tíma það tekur að fá leyst úr jafn einföldu máli fyrir dómstólum og hversu dýrt það er, en sú umfjöllun biður betri tíma.



Kennitöluflakk – kallað eftir aðgerðum

Í áratugi hefur verið talað um nauðsyn þess að stöðva kennitöluflakk enda um að ræða ólíðandi athæfi sem bitnar á ríkissjóði, neytendum, launafólki, lífeyrissjóðum og öðrum kröfuhöfum, svo sem undirverktökum. Þá skeykir kennitöluflakk samkeppnistöðu þeirra sem standa skil á sínu. Hávær krafa hefur verið um að tekið sé á þessari meinsemd en lítill áhugi hefur verið fyrir hendi af hálfu stjórnvalda.

Alræmdir kennitöluflakkarar

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) hefur lengi bent á að úrbóta sé þörf. Árið 2013 kom út skýrslan „Aðgerðir gegn kennitöluflakki og samfélagslegt tjón af þess völdum“ þar sem lagðar voru fram fjölmargar tillögur til úrbóta. Fram kom meðal annars að oft mætti rekja gjaldþrot fyrirtækja til sömu einstaklinga. Þannig höfðu 142 einstaklingar tengst gjaldþroti fimm félaga eða fleiri á árunum 2008–2012 og að sömu einstaklingar höfðu verið í forsvari fyrir allt að 27 félög sem hafa orðið gjaldþrota á sama tíma. Því væri ekki hægt að draga aðrar ályktanir en að kerfisbundin og gróf misnotkun á heimildinni til reksturs félaga með takmarkaða ábyrgð væri viðvarandi og alvarlegt vandamál á Íslandi. Til mikils væri því að vinna að stöðva þá aðila sem ítrekað eru staðnir að verki.

Heimild til atvinnubanns

Stjórnvöld sýndu málinu lítinn áhuga og árið 2017 kynntu ASÍ og Samtök atvinnulífsins tillögur sínar, Stöðvum kennitöluflakk. Ein megingtillagan snýst um að heimilt verði að setja einstakling í tímabundið atvinnubann teljist hann vanhæfur til að stýra fyrirtæki. Skilyrði fyrir slíku banni væru óverjandi viðskiptahættir eða rökstuddur grunur um refsiverðan verknað í tengslum við atvinnurekstur. Slíka löggjöf er að finna í nágrannalöndunum og hefur til dæmis verið við lýði í áratugi í Svíþjóð, Noregi og Bretlandi, sem og á Írlandi. Danir settu loksins sambærilega löggjöf 2014 og ljóst er að Ísland sker sig úr hvað þetta varðar. Á síðasta þingvetri var loksins lagt fram frumvarp í þessa veru.

Kennitöluflakk felur í stuttu máli í sér að viðkomandi félag hættir starfsemi en rekstur þess heldur áfram í gegnum annað félag með nýrri kennitölu enda sé markmiðið með gjaldþrotinu að komast undan einhverjum eða öllum lagalegum skuldbindingum félagsins.

(skilgreining fengin af kynningu SI og ASÍ)

Kveður það á um að hægt sé að leggja atvinnubann á einstaklinga sem ekki teljast hæfir til að stýra hlutafélagi og gildi bannið í þrjú ár. Er svo skilgreint nánar í hverju slíkt vanhæfi geti falist en markmiðið er fyrst og fremst að stöðva þá sem ítrekað hafa verið staðnir að því að misnota hlutafélagiformið með tilheyrandi tjóni fyrir samfélagið.

Málið var því miður ekki klárað fyrir þinglok sem ætti kannski ekki að koma á óvart miðað við tregðuna í gegnum tíðina. Það var þó skref í rétta átt að málið skyldi yfirhöfuð vera lagt fram. Neytendasamtökin taka undir með öðrum hagsmunasamtökum og telja nauðsynlegt að stjórnvöld tryggja samfélaginu sambærilega vernd gegn kennitöluflökkurum og nágrannaþjóðir okkar búa við.

Fróðleikur um Fasteignakaup

Í síðasta tölublaði mátti finna ítarlega umfjöllun um fasteignakaup. Áherslan var þar lögð á upplýsingaskyldu seljanda og aðgæsluskyldu kaupanda í tengslum við annmarka eða galla á seldum fasteignum. Við höldum nú áfram með umfjöllun um fasteignakaup enda af nógu að taka.

Óraunhæft að fasteignasali gæti hagsmuna beggja

Neytendasamtökin telja einsýnt að hagsmunir kaupanda og seljanda í fasteignaviðskiptum fari illa saman. Fasteignasali getur því ekki með góðu móti gætt hagsmuna beggja eins og tíðkast hér á landi. Hagsmunir fasteignasala felast augljóslega í því að selja fasteign á sem hæstu verði og sem hraðast og þannig gætir hann best hagsmuna seljanda. Hagsmunir kaupanda felast hins vegar í því að gera sem best kaup, þ.e. að borga sanngjarnt verð fyrir góða eign. Fasteignasali getur hreinlega ekki komið til móts við bæði sjónarmið og ætla má að hagsmunir seljanda séu jafnan teknir fram yfir þótt ómeðvitað sé.

Víða er málum þannig háttað að seljandi og kaupandi hafa hvor sinn fasteignasala, sem eru mun eðlilegri viðskiptahættir og jafnar stöðuna milli aðila.

Í raun má segja að kaupandi sé alla jafna í veikari stöðu en seljandi þar sem:

- Kaupandi hefur ekki sömu upplýsingar og seljandi um ástand eignar og engin krafa eða hefð er fyrir ástandsskoðunum.
- Kaupandi hefur lögum samkvæmt ríka aðgæsluskyldu, jafnvel óeðlilega ríka samanber mörg dómafordæmi. Þá getur það komið í bakið á kaupanda reyni hann að uppfylla aðgæsluskyldu sína og taka sérfræðing með til að skoða eignina.
- Komi í ljós galli á notaðri fasteign sem ekki má rekja til saknæmrar háttsemi seljanda er gallapröskuldur það hárfur að kostnaður þarf að vera verulegur til að kaupandi eigi rétt á afslætti (um 10% af verðmæti eignar). Undirstrikar þetta enn frekar þörfina á ástandsskoðun.


Kaupanda gert að greiða gjald

Í dag greiðir seljandi sölubókun til fasteignasala sem er yfirleitt ákveðið hlutfall af söluverði. Kaupendum er hins vegar oftast einnig gert að greiða svokallað umsýslugjald sem er réttlætt þannig að fasteignasali sinni ákveðnum verkefnum fyrir kaupanda eins og þinglýsingu gagna, samskiptum við lánastofnanir og hagsmunagæslu. Neytendasamtökin hafa gagnrýnt þessa gjaldtöku svo árum skiptir, enda á kaupandi fullan rétt á að þinglýsa sínum gögnum sjálfur. Það á enn betur við nú þegar ferlin eru meira og minna að verða rafræn. Hvað varðar greiðslu fyrir sérstaka hagsmunagæslu væri mun eðlilegra að kaupandi greiddi slíkt gjald til fasteignasala sem hefði ekki annað hlutverk en að gæta hagsmuna kaupanda. Myndi slík tilhögun koma í veg fyrir eða í það minnsta stíga við þeim hagsmunaárekstrum sem annars geta komið upp milli kaupanda annars vegar og seljanda og fasteignasala hins vegar.

Tilboðsgerð - nokkrar leiðir í boði

Undanfarið hefur fasteignamarkaðurinn verið mjög líflægur og mikil samkeppni ríkir um bitastæðar eignir. Í nýlegri skýrslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar kemur fram að um þriðjungur notaðra fasteigna hafi selst yfir ásettu söluverði. Í svona árferði einkennast viðskiptin af miklum hraða og eignir eru jafnvel seldar óskoðaðar. Síðar í þessari grein má sjá dæmisögur af fasteignaviðskiptum sem sýna þá erfiðu stöðu sem kaupendur eru oft í.

Ýmsar aðferðir eru til við tilboðsgerð en hér tíðkast að fólk geri tilboð í eign og hefur lítið annað til viðmiðunar en ásett verð seljanda og stöðu markaðarins hverju sinni. Þessi blindu tilboð setja kaupendur í erfiða stöðu og yta frekar undir yfirverð því kaupandi veit jú ekki hvað aðrir bjóða.



Ein leið, sem til dæmis er notuð í Svíþjóð, er sú að fasteignasali tekur niður tengiliðaupplýsingar frá öllum áhugasömum aðilum og veitir þeim færi á að gera tilboð. Þeir sem gera tilboð fá svo tilkynningu frá fasteignasalanum um hæsta boð og fá þá annað færi til að bæta um betur. Ferlinu lýkur þegar eingöngu einn aðili er eftir og boð hans ekki bætt. Þessi leið líkist í raun hefðbundnu uppboði og hefur ýmsa kosti.

Önnur leið er að tilboð í tiltekna eign séu opnuð öll í einu. Það gæti til dæmis verið sólarhring eftir að fasteign hefur verið sýnd í opnu húsi. Þetta verklag tíðkast víða og með þessu er komið í veg fyrir að fasteignasali etji kaupendum saman með því að gefa í skyn að þegar liggja fyrir herra tilboð.

Ástandsskoðun

Í síðasta tölublaði var fjallað um mikilvægi ástandsskýrslna, en fyrir þinginu lá þingsályktun um að ástandsskýrslur skyldu fylgja öllum fasteignum sem ætlaðar eru til íbúðanota. Var þetta í fimmta sinn sem málið var lagt fram og í maí sl. brá svo við að Alþingi samþykkti þingsályktunina. Neytendasamtökin fagna þessari langþráðu niðurstöðu enda löngu ljóst að vanda þarf betur til verka þegar fólk stendur í stærstu fjárfestingu lífs síns. Nauðsyn ástandsskýrslna er ekki síst augljós nú um stundir þar sem barist er um hverja eign. Hraðinn er slíkur að kaupendur hafa jafnvel ekki færi á að framkvæma ítarlega skoðun og séu gerðir fyrirvarar við kaupsilboð er allt eins líklegt að seljandi horfi fram hjá því og taki frekar tilboði án fyrirvara. Þá hafa ekki allir aðgang að sérfróðum aðilum sér til aðstoðar. Reyndar geta kaupendur rýrt rétt sinn taki þeir með sér aðila sem kalla má „sérfróðan“ en hvað það varðar vísast til umfjöllunar í síðasta tölublaði.

Grétar Jónsson, framkvæmdarstjóri Félags fasteignasala, segir fasteignasala mjög fylgjandi ástandsskýrslum enda geti úttekt sem byggð er á ítarlegri skoðun á ástandi húsnæðis komið í veg fyrir fjölmörg deilumál sem upp koma eftir kaup. Þótt reynt sé að setta mál er alltaf eitthvað um að þau endi fyrir dómstólum með tilheyrandi kostnaði. Það sé því til mikils að vinna að fækka slíkum málum og tryggja að fasteignakaup gangi vel fyrir sig. Mikilvægur þáttur í því er að bæði seljandi og kaupandi hafi sem bestar upplýsingar um eignina.

Dæmisögur af fasteignamarkaðinum

Neytendasamtökin fá af og til ábendingar og fyrirspurnir um fasteignakaup sem sýna svart á hvítu að víða er pottur brotinn.

Fasteignasali leikur tveimur skjöldum

Hjón sem voru í fasteignahugleiðingum gerðu tilboð í eign hjá fasteignasala. Tilboðið var ekki samþykkt en fasteignasalinn veitti vilyrði fyrir því að heyra í þeim ef sambærileg eign færi í sölu. Skömmu síðar fékk hann slíka eign í sölu sem var ekki seld á opnum markaði. Hann setti sig í samband við hjónin sem skoðuðu eignina og leist vel á. Í samráði við fasteignasalann gerðu þau tilboð. Skömmu síðar hringdi fasteignasalinn og tilkynnti hjónunum að barist væri um eignina og að fleiri tilboð hefðu borist. Til að eiga möguleika á að fá eignina þyrftu þau helst að hækka boð sitt um fjórar milljónir en það var einmitt fjárhæðin sem þau höfðu áður boðið í fyrri eign hjá sama fasteignasala. Þau hugsuðu málið og hækkuðu tilboðið um fjórar

milljónir og fengu eignina. Þegar verið var að binda lausa enda barst þeim óvart tölvupóstur sem sýndi samskipti fasteignasalans við seljanda eignarinnar og kom þar margt áhugavert í ljós.

Í þeim samskiptum mátti sjá fasteignasalann nefna að hann teldi fasteignina mun verðminni en uppsett kaupverð svo munaði nokkrum milljónum. Auk þess nafngreindi hann fólk sem kom að skoða eignina og hvað hann gæti hugsanlega komið kaupverðinu upp í. Fram kom að hann taldi sig geta komið tilteknum kaupendum upp í ákveðna upphæð, en hjónunum sem um ræðir enn hærra, sem varð að endingu raunin.

Þegar hjónin sáu framangreind samskipti varð þeim eðlilega mjög brugðið þar sem þau töldu réttilega að fasteignasalanum bæri lögbundin skylda til að gæta að hagsmunum beggja aðila. Einnig fannst hjónunum óeðlilegt að fasteignasalinn hefði, að því er virtist, nýtt upplýsingar um þau úr fyrri samskiptum til að fá þau til að hámarka boð sitt.

Hér vann fasteignasalinn augljóslega að hagsmunum seljanda og gegn hagsmunum kaupanda. Vinnubrögð af þessu tagi geta beinlínis varðað við lög. Svona mál eiga klárlega heima hjá Eftirlitsnefnd fasteignasala en nefndin hefur heimild til að kalla eftir gögnum og beita agaviðurlögum ef við á.

Kaupendum att saman

Móðir sem var að aðstoða dóttur sína við að komast inn á fasteignamarkaðinn setti sig í samband við samtökin og spurði út í venjur í fasteignaviðskiptum hér á landi. Málavextir voru þeir á hún og dóttir hennar fundu eign sem þeirri síðarnefndu leist vel á og gerði tilboð í. Skömmu síðar barst símtal frá fasteignasala þess efnis að önnur tilboð hefðu borist og til að eiga raunhæfa möguleika í eignina þyrfti að hækka boðið. Nýtt tilboð yrði auk þess að berast á næstu klukkustundum. Mæðgurnar stóðu þarna frammi fyrir erfiðri ákvörðun. Þær vildu ekki missa eignina en vissu heldur ekki hvaða hækkun myndi nægja til að tryggja sér hana. Að endingu og í miklu stressi ákváðu þær að hækka boð sitt um 2 milljónir. Þegar símtalið átti sér stað var enn verið að bíða eftir frekari fregnum og óvíst hvort umrætt tilboð yrði samþykkt. Móðurinni fannst umhverfið í viðskiptunum aftur á móti mjög einkennilegt og í hæsta máta óeðlilegt að einstaklingar gætu með einföldum hætti lent í svona aðstæðum þar sem ákvarðanir yrðu að vera teknar undir mikilli tímapressu í einum stærstu viðskiptum sem einstaklingar eiga í.

Bæði þessi mál sýna hversu mikilvægt það er að tilboð séu opnuð á sama tíma. Með slíkri aðferð er verulega dregið úr hættu á því að fasteignasali beri upplýsingar á milli eða hreinlega skáldi upplýsingar. Einnig er rétt að sinn hvor aðilinn gæti hagsmuna kaupanda og seljanda vegna þess ójafnvægis sem ríkir milli aðila.

Hallandi hús

Það er ekki óalgengt að galli á fasteign varði halla á gólfi sem ekki er tilgreindur á söluþyrliti. Reynt hefur á þannig mál fyrir dómstólum og hafa þau ýmist fallið á þann veg að kaupandi hefði átt að framkvæma skoðun og ábyrgðin sé því hans eða að seljandi hefði átt að upplýsa um svo veigamikið atriði. Fasteignasali getur einnig verið ábyrgur þar sem honum ber lögum samkvæmt að kynna sér ástand eignarinnar og gæta þess að öll grundvallaratriði komi fram í söluþyrliti. Einnig ber fasteignasala að gæta hagsmuna beggja aðila.

Félagsmaður varð fyrir því óláni að kaupa fasteign með gólfhalla. Söluþyrlit gaf ekki annað til kynna en að eignin væri í góðu standi og mikið endurnýjuð, og hvergi var minnst á halla. Eftir að flutt var inn kom smám saman í ljós að ekki var allt með felldu og að halli var verulegur á öllu húsinu. Vildi félagsmaður rifta kaupunum þar sem um væri að ræða skýlausan galla. Seljandi hafnaði því á þeim grunni að upplýst hefði verið munnlega um halla við skoðun. Að endingu náðust sættir áður en málið fór fyrir dóm.

Í samtali við Neytendablaðið sagði félagsmaður að mistök hans í þessum fasteignaviðskiptum, ef mistök skyldi kalla, hefðu verið þau helst að treysta söluþyrliti og þeim upplýsingum sem seljandi gaf. Þá telur félagsmaður öll munnleg samskipti í raun marklaus því ef upp kemur ágreiningur standi orð gegn orði. Því sé svo mikilvægt að hafa helst öll samskipti á skriflegu formi.

Sem betur fer nást oft sættir á milli kaupanda og seljenda enda bæði tafsammt, dýrt og áhættusamt að fara með mál sem varða fasteignaviðskipti fyrir dóm. En þótt sættir takist hafa báðir aðilar oft lagt út í mikinn kostnað, svo ekki sé talað um mikið álag og vanlíðan sem fylgir svona málum. Kostnaður við ástands-skýrslu er mjög lítill í stóra samhenginu. Neytendasamtökin taka heilshugar undir með félagsmanni sem segist ekki í vafa um að óháðar ástandsskoðanir gætu komið í veg fyrir fjölmörg gallamál og í raun sé óskiljanlegt að ekki sé búið að festa þær í sessi.






Gæðakannanir á vef NS

Eins og glöggir lesendur hafa tekið eftir voru birtar tvær gæðakannanir í síðasta blaði en Neytendasamtökin hafa aftur gengið til liðs við ICRT, sem eru alþjóðleg samtök sem vinna vandaðar gæðakannanir fyrir neytendasamtök. Í síðasta tölublaði voru birtar gæðakannanir á snjallsímu og klósetthreinsi. Er þær aðgengilegar á ns.is undir „Neytendablaðið“.

Fleiri kannanir verða settar inn á vefinn á næstu dögum og má þar nefna könnun á ryksuguróbótum og þvottavélum. Neytendasamtökin hafa aðgang að sex gæðakönnunum á ári og því væri fróðlegt að fá vísendingar frá félagsmönnum um það hvaða kannanir þeir hefðu helst áhuga á.



Evrópska
Neytendaaðstoðin
Íslandi

Villandi fullyrðing á eldislaxi

Félagsmaður vakti athygli á að Norðanfiskur kynnir lax sem afurð úr „vistvænu sjóeldi“. Samkvæmt skilgreiningu orðabókar er vistvænt eitthvað sem hefur á lífsferli sínum minni neikvæð áhrif á umhverfið en önnur sambærileg fyrirbæri. Þannig telst sjókvíaeldi í eðli sínu mengandi iðnaður sem hefur mun meiri neikvæð áhrif á umhverfið en til dæmis landeldi, enda er sjóeldi flokkað sem mengandi iðnaður á vef Umhverfisstofnunar þar sem skólpið sem verður til við framleiðsluna fer beint í sjóinn. Norska umhverfisstofnunin hefur metið mengunina af hverju tonni í sjókví á við skólpi frá 16 manneskjum. Heimild er fyrir um 86 þúsund tonna framleiðslu í sjókvíum við Ísland og frá því rennur þannig um fjórfalt meira skólpi en frá landsmönnum öllum. Erfitt er að sjá að það sé vistvænt og gera Neytendasamtökin því athugasemdir við að orðið „vistvænt“ sé notað í tengslum við sjóeldi. Sjókvíaeldi hlýtur að valda vistkerfinu skaða og getur þannig seint talist vistvænt í orðsins merkingu.

Óskuðu Neytendasamtökin eftir upplýsingum frá Norðanfiski um hvað væri átt við með orðalaginu „vistvænt sjóeldi“, hvort fyrirtækið hefði fengið vottun fullyrðingunni til sönnunar og hvernig neytendur gætu sannreynt fullyrðinguna. Í svörum Norðanfisks kom fram að birgjar þeirra skilgreindu sjálfir sitt eldi sem vistvænt en hefðu enn ekki hlotið neinar vottanir.

Neytendasamtökin hafa því óskað eftir því að Neytendastofa taki afstöðu til þess hvort orðanotkun Norðanfisks á „vistvænu sjóeldi“ á umbúðum sé villandi í skilningi laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Aðstoð fyrir neytendur sem lenda í vandræðum innan Evrópu

Neytendasamtökin hýsa ECC (European Consumer Centre) á Íslandi og í fyrra fagnaði ECC 15 ára starfsafmæli sínu. Af því tilefni opnuðu ECC stöðvarnar nýja heimasíðu; www.eccnet.eu. Hlutverk ECC er að aðstoða neytendur sem eiga í deilum við seljendur vöru eða þjónustu yfir landamæri innan evrópska efnahagssvæðisins. ECC á Íslandi er fjármagnað til jafns af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Þjónusta ECC er neytendum að kostnaðarlausu.

Neytendur sem eiga í deilum við seljanda sem staðsettur er í einhverju landi innan Evrópusambandsins (eða í Noregi eða Bretlandi) geta haft samband við ECC á Íslandi. Nánari upplýsingar má finna á www.ecc.is

Einnota matarumbúðir til vandræða

Til að minnka plastmengun hafa ýmsar einnota plastvörur verið bannaðar, svo sem plaströr, plasthnífapör og diskar. Í dag má því finna alls kyns einnota áhöld og diska sem gerð eru úr náttúrulegum efnum eins og pappa, pálmablöðum og trefjum úr hveiti og sykurreyr. Rannsókn dönsku neytendasamtakanna Tænk leiddi í ljós að ýmis miður skemmtileg efni er að finna í mörgum af þeim náttúrulegu einnota mataráhöldum sem finna má í verslunum. Þetta geta verið restar af skordýraeitrí, ál, klórprópanól og flúorefni. Jafnvel þótt efnin finnast í litlum mæli kalla Tænk eftir aðgerðum þar sem um er að ræða vörur sem komast í snertingu við mat.

Dönsk stjórnvöld settu lög árið 2020 sem banna notkun flúorefna í vörur af þessu tagi en seljendur hafa leyfi til að klára þann lager sem var til þegar löggin tóku gildi. Hjá Evrópusambandinu er í bígerð að setja sams konar reglur og kalla Danir eftir því að aðgerðum verði hraðað til að tryggja að heilsa neytenda hljóti ekki skaða af.



Samhengi milli heilsufars hunda og hundaeigenda

Í sænska neytendablaðinu Råd och Rön segir frá rannsókn sem sýnir fram á samhengi á milli sykursýki hjá hundum og eigendum þeirra. Heilsufarsgögn 175.000 hundaeigenda voru skoðuð og í ljós kom að þeir sem eiga hunda með sykursýki eru 38% líklegri til að vera einnig með sykursýki en þeir sem eiga heilbrigða hunda. Ástæðan er talin vera sú að lifnaðarhættir eigenda smitist yfir á hundana, svo sem hreyfing/hreyfingarleysi en jafnvel líka mataræði. Heilsa 90.000 kattareigenda var einnig skoðuð en þar fannst ekkert heilsutengt samhengi. Rannsakendur voru frá háskólanum í Uppsöllum, Karólínsku stofnuninni, Landbúnaðarháskóla Svíþjóðar og Liverpool-háskóla.



Sótt að TikTok úr öllum áttum

TikTok er sérlega vinsæll samfélagsmiðill meðal barna og unglinga en sætir vaxandi gagnrýni fyrir vafasamar aðferðir.

Hollensku neytendasamtökin, Konsumentenbond, ásamt friðhelgissamtökunum Take Back Your Privacy, hafa krafist þess að samfélagsmiðillinn TikTok greiði hollenskum börnum háar upphæðir í skaðabætur. Telja samtökin að TikTok hafi með ólöglegum hætti safnað gögnum um hollensk börn sem síðan eru notuð í markaðslegum tilgangi. Verði TikTok ekki við kröfum samtakanna verður höfðað dómsmál.

Fyrir á árinu sendu Evrópusamtök neytenda (BEUC) kvörtun til Evrópuráðsins vegna TikTok og voru evrópskar persónuverndarstofnanir hvattar til að skoða starfshætti fyrirtækisins. Sendu Neytendasamtökin af því tilefni erindi á Persónuvernd. Er óhætt að segja að sótt sé að fyrirtækinu úr mörgum áttum en þrátt fyrir það skilar TikTok hagnaði sem aldrei fyrir.

Krafa um upprunaland kjöts á matseðlum

- Finnland í fararbroddi, Svíar hoppa á vagninn

Neytendur gera í auknum mæli kröfu um að upprunaland matvöru liggi fyrir og það á ekki síst við um kjöt. Ekki er ýkja langt síðan lögum var breytt á þá leið að upprunaland kjöts skuli merkt á umbúðir í ákveðnum tilfellum. Sú krafa gildir þó ekki ef kjötið er borið fram á veitingahúsum og í mötuneytum.

Síðasta viðhorfskönnun sem Neytendablaðinu er kunnugt um – þar sem spurt var sérstaklega um viðhorf neytenda til upplýsinga um kjöt – var gerð árið 2014. Voru niðurstöður á þá leið að meirihluti aðspurðra taldi mikilvægt að fá upplýsingar um upprunaland kjöts. Með nýjum reglum hefur að einhverju leyti verið komið til móts við þessar kröfur.

Sumarið 2020 skilaði samráðshópur um betri merkingar matvæla skýrslu til ráðherra þar sem finna má 13 tillögur um aðgerðir sem ætlað er að bæta rekjanleika matvæla og upplýsingagjöf. Ein tillagan gengur út á „fínnsku leiðina“ svokölluðu en í Finnlandi voru settar reglur árið 2019 í tilraunaskyni sem skylda veitingastaði og mötuneyti til að upplýsa viðskiptavinum um uppruna kjöts sem þeir hafa á boðstólum. Samráðshópurinn lagði til að ráðherra tæki reynslu Finna til skoðunar og væri hún góð yrði farin sama leið.



Nú berast þær fréttir frá Svíþjóð að þar eigi að taka upp sambærilegar reglur en í viðhorfskönnun sænsku matvælastofnunarinnar Livsmedelsverket, sem gerð var fyrr á árinu, kom í ljós að átta af hverjum tíu telja mikilvægt að upplýsingar um upprunaland kjöts séu aðgengilegar á veitingastöðum.

Stjórnvöld eru hvött til þess að fylgjast grannt með þessum málum og tryggja að neytendur hér á landi njóti sama réttar og nágrannar okkar á Norðurlöndunum.

Búvörumerki fyrir íslenska framleiðslu

Lengi hefur verið til skoðunar að setja á fót valfrjálst upprunamerki fyrir íslenskar landbúnaðarvörur, svokallað búvörumerki. Samráðshópur um betri merkingar matvæla lagði til að slíkt merki yrði innleitt enda myndi það auðvelda upplýst val neytenda. Í maí sl. undirritaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra samning við Bændasamtök Íslands um gerð búvörumerkis en merkið verður í eigu samtakanna sem munu sjá um að innleiða það og gefa út gæðahandbók fyrir notkun þess.

Vinna hefur staðið yfir við að útfæra merkið og Hafliði Halldórsson, verkefnastjóri hjá Bændasamtökunum, segir í samtali við Neytendablaðið að vinnan gangi vel en áhersla sé lögð á að vanda til verka. „Finnar, Svíar og Norðmenn hafa góða reynslu af búvörumerki og við horfum til þeirra í þessari vinnu enda engin ástæða að finna upp hjólið.“ Hafliði segir reglur í kringum merkið skýrar og einfaldar og þannig þurfi til dæmis allt prótín í matvöru að vera innlent og ef innflutt hráefni er í vöru, t.d. laukur í kæfu eða ber í jógúrt, sé kveðið á um ákveðið hámark. Þá verði eftirlitsþátturinn í höndum þriðja aðila.

Víti til að varast

Fyrir margt löngu var merkingin Vistvæn vottun kynnt til leiks en því miður var illa staðið að verkefninu. Ekkert eftirlit var með notkun merkisins og gagnrýndu Neytendasamtökin þennan grænþvott frá upphafi. Banabiti Vistvænnar vottunar var eflaust Brúneggsmálið en egg sem framleidd voru við algerlega óviðunandi aðstæður voru merkt með vistvænni vottun og seld á herra verði en önnur egg. Er þessi saga rifjuð upp hér til að minna á hversu mikilvægt það er að skýrar reglur, gott utanumhald og raunhæft eftirlit sé með hvers kyns merkingum.

Það skal tekið fram að Neytendasamtökin eru jákvæð gagnvart íslensku búvörumerki og telja upplegg Bændasamtakanna vera skynsamlegt.



Tryggja þarf eftirlit með vinnslu láns hæfismats

Neytendasamtökin hafa fengið allmargar fyrirspurnir vegna láns hæfismats sem fyrirtækið Creditinfo framkvæmir. Mörgum þykir sem matið sé óskýrt og óljóst. Til dæmis sé ekki ljóst hvers vegna fólk er í einum flokki en ekki öðrum, hvað valdi því að það færist niður um flokk og ekki síst hvað þurfi til að færast upp um flokk. Þá virðist sem fólk þurfi í einhverjum tilfellum sjálft að ganga á eftir því að breytingar á fjárhagsstöðu, svo sem uppgjör vanskila, skili sér inn í láns hæfismat.

Meti Creditinfo það þannig að láns hæfi sé lélegt getur það haft margvísleg áhrif á daglegt líf fólks. Það getur til að mynda staðið í vegi fyrir lántöku, hvort sem er vegna húsnæðis kaupa, bílálána eða greiðsludreifingar, og erfitt getur verið að gera skuldbindandi samninga eins og húsaleigusamninga eða samning við fjarskiptatæki, svo dæmi séu tekin. Í ljósi þessa er mjög mikilvægt að þær forsendur sem láns hæfismat byggir á séu sanngjarnar og gagnsæjar og að hægt að sannreyna að rétt sé farið með gögn.

Var það niðurstaða Neytendasamtakanna efir að hafa skoðað málið að ekkert utanaðkomandi eftirlit sé með því hvernig láns hæfismat er reiknað eða hvort þær breytur sem liggja til grundvallar séu sanngjarnar. Samtökin sendu því erindi á fjármálaráðuneytið í mars sl. og óskuðu eftir að ráðuneytið beitti sér fyrir eftirfarandi:

- 1) Lagabreytingu sem tryggi að stjórnvald hafi lagaheimild til að fara með eftirlit með láns hæfismati og gagnagrunni um fjárhagsmálefni einstaklinga. Er þess óskað að eftirlitið verði hjá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands.
- 2) Að tryggt verði að gagnagrunnar sem liggja að baki láns hæfismati byggji á viðurkenndu og samþykktu verklagi og ferlum sem lúti eftirliti stjórnvalds með þar til bæra faglega getu og þekkingu.

- 3) Að rekstraraðilum gagnagrunna verði gert skylt að tryggja að láns hæfismat sé gagnsætt þannig að neytendur viti hvaða þættir hafa áhrif á láns hæfismat, til hækkunar eða lækkunar. Neytendur verða að vita hvaða atvik hafa áhrif á láns hæfismat og hvernig.
- 4) Að raunverulegt eftirlit sé með því fyrirtæki sem rekur gagnagrunn um fjárhagsmálefni verði virkt, bæði hvað varðar ferla, verklag o.fl., en í því felst að tryggt sé að viðkomandi stjórnvald hafi fjárhagslega getu og styrk, þ.m.t. starfsfólk, til að geta sinnt lögbundnu eftirliti.
- 5) Að kannað verði hvort grípa þurfi til ráðstafana vegna vinnslu viðkvæmra fjárhagsupplýsinga með tilliti til þjóðaröryggis.

Svar barst fáum vikum síðar þar sem málið var sagt eiga heima hjá Atvinnuvegaráðuneytinu. Samkvæmt upplýsingum þaðan er málið til skoðunar og munu Neytendasamtökin fylgja því eftir enda afar brýnt að láns hæfismat sem unnið er um einstaklinga byggji á réttmætum og sanngjörnum grunni.

Hampinum hampað

Hampur er mikil nytjajurt og nær saga hampræktar árpúsundir aftur í tímann. Hægt er að vinna margvíslegar vörur úr hampi, allt frá iðnaðarvöru til matvæla og snyrtivara auk þess sem plantan bindur mikinn koltvísýring og bætir jarðveg. Hampur er því afar umhverfissvæn og notadrjúg nytjajurt sem vex jafnt í suðrænum löndum sem á norrænni slóðum. En hvers vegna er hamprækt þá ekki útbreiddari en raunin er?

Líður fyrir skyldleikann

Hampur (Cannabis Sativa) og marjúana (Cannabis Indica) eru náskyldar plöntur enda báðar af kannabisætt. Efnið THC – sem veldur vímu sé þess neytt – er að finna í miklu magni í marjúana en finnst hins vegar aðeins í snefilmagni í hampi sem er alls ekki nóg til að valda vímu. Ræktun á kannabis var útbreidd bæði í Bandaríkjunum og Evrópu fram á síðustu öld enda notagildið óumdeilt. Þá ávísuðu læknar lyfjum með og án THC við ýmsum sjúkdómum og kvillum. Á árunum fyrir seinni heimsstyrjöldina fóru stjórnvöld í auknum mæli að þrengja að ræktuninni en þá hafði almenn notkun á marjúana aukist í landinu. Árið 1937 var sem dæmi lagður hár skattur á alla kannabisræktun í Bandaríkjunum, óháð tegund, sem dró verulega úr framleiðslunni. Þegar seinni heimsstyrjöldin skall á voru bændur hins vegar skikkaðir til að rækta hamp því trefjarnar voru svo mikilvægar í stríðsreksturinn, eins og til að framleiða poka, fatnað, fallhlífar, reipi og slíkt.

Þau hugtök sem notuð eru yfir kannabis og undirtegundir eru nokkuð á reiki og á það eflaust sinn þátt í þeim ruglingi sem víða ríkir. Oft er talað um marjúana þegar vísað er til þeirrar tegundar sem inniheldur virka efnið THC, sem veldur vímu og er af plöntutegundinni Cannabis Indica, en hamp, eða iðnaðarhamp, þegar talað er um tegundina sem hentar í iðnaðarframleiðslu og er af plöntutegundinni Cannabis Sativa, sem inniheldur aðeins snefilmagn af THC.

Plastefnin ryðja sér til rúms

Önnur ástæða þess að svo mjög dró úr hamprækt þegar leið á 20. öldina er innkoma plastefna á neytendamarkað. Það bætti því gráu ofan á svart þegar stórfyrirtæki á sviði plasts úr hráolíu beittu stjórnvöld þrýstingi til að koma sínum hagsmunum á framfæri, sem voru að greiða leið plastefna á markað á kostnað hampsins. Nælon var með fyrstu plastvörunum og gat, sem dæmi, auðveldlega leyst hampreipið af hólmi hvað varðar styrkleika, auk þess að vera ódýrari kostur.

Hampur inn – plastið út

Ástæðan fyrir vaxandi vinsældum hampsins á undanförunum árum er helst sú að notagildið er óumdeilt. Eins og áður segir er hægt að framleiða óteljandi vörur úr plöntunni, allt frá niðsterku trefjaefni sem nýtist í byggingariðnaði yfir í fæðubótarefni. Þá vegur þungt að rík eftirspurn er eftir náttúrulegu og umhverfissvænu hráefni, ekki síst nú þegar nauðsynlegt er að þróa efni sem komið geta í stað plasts. Stjórnvöld eru því víða að snúa við blaðinu; þrengja að plastframleiðslu og banna ákveðnar tegundir plastvara og losa um leið um þau höft sem hamprækt hefur búið við. Þetta hefur þó gerst hægt og ekki eru nema fjögur ár síðan ræktun á hampi var alfarið gefin frjálst í Bandaríkjunum. Sífellt fleiri lönd eru að taka við sér enda getur slugsaháttur í þessum efnun orðið til að lönd missi samkeppnisforskot, en enginn efast um að eftirspurn eftir afurðum hampsins muni bara aukast í framtíðinni. Frakkland er eina landið í Evrópu þar sem aldrei hafa verið settar neinar hindranir á hamprækt og kemur því ekki á óvart að helmingur alls hamps sem ræktaður er í álfunni kemur frá Frakklandi.

CBD olía er unnin úr blómum og laufum hampplöntunnar og er hún nýtt í matvæli, fæðubótarefni og snyrtivörur. CBD-olía þykir reynast vel við ýmsum kvillum og verkjum og hefur eftirspurnin því aukist mjög á undanförunum árum. Á blómum og laufum hampsins eru yfir 130 kannabínóðar og er CBD þeirra þekktastur og mest rannsakaður. Kannabínóðarnir eru einangraðir með ákveðnum aðferðum þannig að eftir verður extrakt sem síðan er blandað út í olíu til að auðvelda inntöku. Ef allir kannabínóðarnir eru í olíunni kallast hún „full spectrum“. Ef búið er að fjarlægja THC í vinnsluferlinu kallast hún „broad spectrum“ og ef búið er að einangra einn kannabínóða, yfirleitt CBD, þá kallast hún „isolated“.

Nokkur óvissa hefur verið varðandi regluverkið hér á landi en Evrópuðómstóllinn úrskurðaði í nóvember 2020 að CBD-olía flokkist sem matvæli. Því er erfitt fyrir íslensk stjórnvöld í dag að fetta fingur út í innflutning, framleiðslu og sölu á CBD-vörum.

Hampfræolía (stundum kölluð hampolía) er hins vegar kaldpressuð úr fræjum hampjurtarinnar og er notuð til inntöku, í matseld og í húð- og hárvörur. Hampfræolía inniheldur kannabínóða aðeins í snefilmagni, en er hins vegar rík af meðal annars omega 3 og þykir því hollur kostur, en margar algengar tegundir jurtaolíu innihalda hátt hlutfall omega 6 en minna af omega 3.

Hampræktun á Íslandi

Til eru heimildir um að hampur hafi verið ræktaður í Viðey á árunum 1782–1784. Fer síðan litlum sögum af hamprækt allt til ársins 2008, þegar Sveinn, kenndur við Kálfskinn í Eyjafirði, gerði tilraunir með hamprækt á fjórum stöðum á landinu. Þrátt fyrir að ræktunin hafi gengið mjög vel vöktu niðurstöðurnar lítinn áhuga á þeim tíma og lagðist hún því af. Sumarið 2019 hófu hjónin Pálmi Einarsson og Oddný Anna Björnsdóttir hamprækt á landi sínu Gautavík í Berufirði. Neytendablaðið sló á þráðinn austur og náði tali af Oddnýju sem gaf sér tíma í spjall þrátt fyrir annir við smalamennsku. Oddný segir þau hjónin lengi hafa verið spennt fyrir þeim möguleikum sem hampurinn býður upp á og að Pálmi hafi sem dæmi tekið þátt í lítilli tilraunaræktun árið 2013. Það voru þó ýmis ljón í veginum í upphafi sem náðu hápunkti þegar lögreglan mætti heim á hlað á heimili þeirra hjóna eftir að Lyfjastofnun kærði ræktun þeirra sem Matvælastofnun hafði áður heimilað. Kæran var felld niður enda ekkert lögbrot í gangi og voru þessu máli gerð ítarleg skil í fjölmiðlum á sínum tíma. Í framhaldinu var lögum breytt og í dag er öllum heimilt að rækta hamp og hefur hampræktendum fjölgað mjög. Oddný segir að samkvæmt könnun Hampfélagsins hafi hampur verið ræktaður á að lágmarki 150 hekturum í sumari, sem er fimmfalt meira en sumarið 2020.

Falla utan styrkjakerfis að mestu

Frá árinu 2000 hafa bændur í ríkjum Evrópusambandsins getað fengið styrki til ræktunar hamps. Hampurinn er ekki enn kominn formlega inn í styrkjakerfið hér á landi enda stutt síðan lögum var breytt hér í þá veru að skilgreina hamp sem nytjajurt. Samkvæmt formanni Bændasamtakanna Gunnari Þorgeirssyni ættu hampræktendur að geta sótt um almennan jarðræktarstuðning. Það sé hins vegar ekki búið að skilgreina nógu vel stuðning við nytjajurtir og það sé eitt af þeim verkefnum sem framundan séu.

Þolir vel íslenska veðráttu

Sú spurning vaknar eðlilega hvort hampurinn þoli almennt íslenskar aðstæður og veðráttu. Oddný segir svo vera: „Við höfum nú ræktað hamp í þrjú sumur og reynslan sýnir að hampur vex vel hér á landi. Hann þarf mikla næringu þar sem hann vex hratt og verður mjög efnismikill. Við settum sem dæmi 50 tonn af kúaskít í einn hektara í vor og munum setja enn meira næsta vor.“ Oddný segir mikilvægt að hampurinn fái sem mest skjól fyrir veðri og vindum því þegar hann er orðinn hár vill hann leggjast í vindinum og blómin og lafin geta látið á sjá. „Eins er gott að sá þéttar en gert er erlendis svo plönturnar fái skjól frá hver annarri. Væta er að sjálfsögðu nauðsynleg en hampurinn þarf ekki mikið vatn. Ef meðalhitinn yfir sumarið nær tveggja stafa tölu virðist það nægja til að fá góðan vöxt.“ Það skipti þó máli hvaða yrki er notað.



Hér má sjá Pálma tína hamplóm.

Yrki sem henta norðlægum slóðum

„Við erum aðallega með yrki sem kallast Finola, sem er svokallað blómayrki því við nýtum aðallega blómin. Stönglarnir verða ekki digrir og trefjarikir og henta því ekki til iðnaðarframleiðslu en nýtast sem undirburður fyrir skepnur og jafnvel sem fóður. Þeir sem ætla að nýta stönglana hafa verið að rækta Futura, sem er trefjayrki sem við prófuðum fyrsta sumarið. Við höfum líka verið að rækta Felina, sem er bæði blóma- og trefjayrki og verður mun hærra en Finolan, en blómavöxturinn hefst seinna, sem hentar síður hér á landi þar sem sumarið er svo stutt. Finola, Felina og Futura eru öll fimm mánaða yrki, en við þurfum að finna góð fjögurra mánaða yrki svo plantan nái fullum blómavexti og nái að búa til fullþroskuð fræ fyrir fyrstu haustlægð og næturfrost. Vandamálið er að við megum bara flytja inn þau yrki sem eru á sáðvörulista ESB og hafa ekki verið þróuð fyrir svona stutt og svöl sumur, en ekki þau sem eru notuð t.d. í Kanada og Alaska. Verkefni bænda næstu árin er því að finna yrki sem henta vel á norðlægum slóðum.“



Oddný fyrir framan Felinahampbed. Myndin var tekin um miðjan ágúst og átti hampurinn enn eftir að vaxa töluvert.

Endalausir möguleikar

Þegar kemur að nýtingu hampsins hér á landi segir Oddný möguleikana óendanlega hvort heldur sem er í matvæli, fæðubótarefni, snyrtivörur eða iðnaðarvörur eins og trefjaplötur, þ.m.t. parket, og sem einangrun, bio-plast, pappír, textíl og steypu. „Fram að þessu höfum við þurft að flytja inn mestallt hráefni í íslenskan iðnað, en með tilkomu innlendrar hampræktunar höfum við tækifæri til að verða mun sjálfbærari um hráefni sem er auðvitað afar jákvætt. Nú þegar eru fjölmörg þróunarverkefni í gangi hringinn í kringum landið þar sem verið er að þróa allskyns vörur eins og hamplast.“

Oddný og Pálmi hafa fyrst og fremst nýtt framleiðslu sína í hampte. „Þá tinum við blómin og laufin næst þeim af hampinum, þurrkum, molum og pökkum í tepoka. Við framleiðum einnig hampsmýrsl en þá látum við þurrkuðu blómin og laufin malla í kókosolíu við lágan hita og síum þau svo frá. Í smýrslinu

eru því sömu kannabínóðar og í tevatninu en eru þá teknir inn í gegnum húðina en CBD-húðvörur njóta vaxandi vinsælda. Pálmi hefur einnig gert alls kyns tilraunir með trefjarnar og trénið sem stönglarnir eru úr. Hann hefur búið til trefjaplötur og skorið út úr þeim gjafavörur, steypu, pappír og batterí, svo eitthvað sé nefnt. Allt er það enn tilraunaframleiðsla.“



Hér má sjá framleiðslu á hampsmýrslu.

Planta sem fullnægir flestum þörfum

Þegar Oddný er spurð hvað það sé við hampinn sem heilli svo mjög segir hún margt koma til. Hampurinn sé umhverfisvænn, notagildið mjög fjölbreytt og neysla hans hafi jákvæð áhrif á heilsu manna og dýra. „Samkvæmt kínverskri goðsögn færðu guðirnir mönnumum eina plöntu að gjöf sem átti að fullnægja flestum þörfum þeirra og var sú planta hampurinn. Sumir telja að þegar hampurinn var tekinn út úr fæðukeðjunni hafi heilsu manna hrakað og þess vegna finni þeir svo mjög fyrir heilsuþætti áhrifum þegar honum er bætt í mataræðið. Áður en hann var bannaður óx hann villtur og búfé, til dæmis í Bandaríkjunum, nærðist á honum og fékk mannfólkið þá kannabínóðana í gegnum kjötið, mjólkina og egginn en neytti hans líka beint og notaði sem lyf og fæðubótarefni.“

Eftir að hafa verið útskýfað úr hefðbundnum landbúnaði víða um lönd er hampinum nú hampað sem aldrei fyrr. Oddný og Pálmi hafa unnið mikið brautryðjendastarf og verið dugleg að deila dýrmætri reynslu sinni og þekkingu. Hampræktun á Íslandi er því eflaust komin til að vera.

Þar liggur vafinn í bómull

Það er ekkert nýtt að fréttir berist af neikvæðum umhverfisáhrifum eða mannréttindabrotum sem tengjast fataframleiðslu. Krafan um rekjanleika verður því sífellt háværari og þá skiptir ekki bara máli hvar flíkin er saumuð eða hvar textillinn er meðhöndlaður heldur vilja neytendur líka vita hvaðan bómullin kemur og fyrir því er rík ástæða.

Óhætt að segja að saga bómullarinnar sé þyrnum stráð. Þrælalald, nauðungarvinna og barnaprælkun hefur tengst bómullarframleiðslu í gegnum aldirnar. Þá er bómullarframleiðsla alla jafna mjög óumhverfisvæn en mikið vatn þarf til framleiðslunnar og eiturefnanotkun á bómullarökkrum er með því mesta sem gerist. Vinna á bómullarökkrum er mannaflsfrek og líkamlega erfið. Mikil notkun skordýraeiturs og varnarefna er auk þess skaðleg þeim sem vinna á akrinum. Ef rignir á uppskerutíma þarf að bíða í nokkra daga eftir að plantan þorni og um leið og bómullin er opin og þurr þarf að tína hana svo fljótt sem auðið er. Víða er þessi vinna enn í höndum verkamanna þótt miklar tæknibreytingar hafi orðið á öllum stigum ræktunar.

Þrælkunarvinna á bómullarökkrum

Þótt þrælalald á bómullarekkrum hafi liðið undir lok í Bandaríkjunum eftir að borgarastríðinu lauk virðist þrælkunarvinna þó enn viðgangast. Um tíu ár eru síðan Uzbekistan komst í heimsfréttir fyrir barnaprælkun á bómullarökkrum en Uzbekistan er einn stærsti bómullarframleiðandi í heimi. Í nýrri skýrslu frá Alþjóðavinnuárástofnuninni segir að tekist hafi að uppræta barnaprælkun og nauðungarvinnu í Uzbekistan að langmestu leyti, að stjórnvöld séu hætt að þvinga fólki til vinnu á uppskerutíma og að laun hafi hækkad.

Nú síðast beinist athyglin þó að bómull frá Kína. Um 85% af bómullarframleiðslu í Kína fer fram í Xinjiang-héraði í norðurluta landsins og er hún um 20% af allri bómullarræktun heimsins. Á síðasta ári sagði BBC fréttir af umfangsmikilli þrælkunarvinnu á bómullarökkrum í Xinjiang. Hafa kínversk stjórnvöld verið sökuð um kerfisbundin mannréttindarbrot gegn Úrúgíum sem telja um helming íbúa héraðsins eða um 12 milljónir. Úrúgíar eru flestir múslimar og tala eigið tungumál sem líkist tyrknesku. Fréttir herma að hundruð þúsunda Úrúgía séu þvingaðir til að vinna við bómullartínslu á bómullarökkrum en kínversk stjórnvöld hafa mótmælt öllum ásökunum. Í byrjun árs settu Bandaríkin innflutningsbann á bómull og vörur úr bómull frá Xinjiang-héraðinu og fleiri ríki, m.a. Ísland, hafa tilkynnt að þau muni beita Kína þvingunaraðgerðum vegna þessa máls.

Á milli steins og sleggju

Í fyrra gáfu bæði Nike og H&M út yfirlýsingu um að fyrirtækin keyptu ekki bómull frá Xinjiang og lýstu yfir áhyggjum af stöðu mála. Þessar fréttatilkynningar vöktu ekki mikla athygli á sínum tíma en á þessu ári varð fjandinn laus. Í framhaldi af viðskiptabanni Bandaríkjanna á bómull frá héraðinu og viðskiptaþvingunum sem beindust að kínverskum embættismönnum voru yfirlýsingar Nike og H&M rifjaðar upp á samfélagsmiðlum og fóru í framhaldinu á flug. Voru kínverskir neytendur hvattir til að smiðganga þessi fyrirtæki. Ríkissjónvarpsstöð Kína lagði sitt af mörkum til umræðunnar og sýndi að sögn hina sönnu mynd af bómullarökkrum Xinjiang. Mátti sjá iðnvædda tínslu og ummæli Úrúgúabónda um að slegist væri um störf. Vestrænir fataframleiðendur eru því á milli steins og sleggju ef svo mætti segja. Kínverskur neytendamarkaður er mjög mikilvægur, enda gríðarstór, en að sama skapi eykst krafa neytenda um ábyrga framleiðslu sem framleiðendur verða, og vilja eflaust einnig, taka tillit til.

Ný rakningartækni

Framleiðendur geta fengið upplýsingar um uppruna bómullar í gegnum vottorð frá seljendum. Hrávörumarkaður með bómull er hins vegar gríðarstór og bómull getur skipt oft um hendur, sem eykur hættuna á að rekjanleikinn glatist.

Í sænska neytendablaðinu Råd och Rön er sagt frá því að nýsjálenskt fyrirtæki, Oritain, hafi þróað aðferð til að rekja bómull frá flík til akurs. Grant Cochrane, forstjóri Oritain, segir það gert með því að greina bómullartrefjar úr flíkinni en hrávörur eins og bómull séu í raun með einskonar fingrafar eða kóða sem gefi mikilvægar upplýsingar um uppruna. Þessar upplýsingar verða m.a. samsetningu jarðvegs, veðurfar og ræktunaraðferðir og eru geymdar í gagnagrunni fyrirtækisins, en einnig er stuðst við gögn sem eru öllum opin og aðgengileg.

Fyrirtækið gefur sig einnig út fyrir að rekja uppruna hunangs, kaffis, kjöts og lyfja en bómull sé þó einkar heppileg í þessu samhengi. Ræturnar fara djúpt ofan í jarðveginn og taka upp efni sem eru rekjanleg. Hægt sé að segja til um með 95% vissu hvar

bómull er ræktuð og það komi sér vel ef framleiðendur vilja til dæmis tryggja að bómullin komi ekki frá Xinjiang eða Úzbekistan.

Besta lausnin að nýta vel

Það getur verið ómögulegt fyrir neytendur að afla sér upplýsinga um uppruna fatnaðar, jafnvel þótt einbeittur vilji sé til staðar. Vottanir geta vissulega hjálpað til og má nefna Svaninn, Evrópublómíð, Better Cotton Initiative og Fairtrade, en einungis lítið brot af fatnaði og textíl er vottað. Öll framleiðsla, jafnvel sú sem er umhverfsvænni en ella, tekur þó sinn umhverfistoll og því er besta ráðið að neyta minna og nota það sem þegar hefur verið framleitt. Í Svíþjóð sýna nýjar rannsóknir að fólk er meðvitaðra um neikvæð áhrif fataframleiðslu nú en fyrir þremur árum. Þetta á ekki síst við um ungt fólk sem er mun meðvitaðra en þeir sem eldri eru. Ekki er vitað til þess að sambærileg rannsókn hafi verið gerð hér á landi á síðustu árum en gera má þó ráð fyrir að meðvitund um þessi mál hafi aukist.

Heimild BBC, Rád och Rön



Grisjun til gleði

Ef marka má hina ýmsu sérfræðinga getur of mikið af veraldlegum eigum haft neikvæð áhrif á sálarlífið. Þær íþyngja, taka pláss, minna okkur á misheppnuð innkaup og auka á óreiðuna í lífinu. Það gæti því verið liður í því að bæta andlega heilsu að ráðast í tiltekt og losa heimilið við alls konar óþarfa.

Það eru gömul sannindi og ný að hamingjan verður ekki keypt. Þrátt fyrir það verður seint sagt að naumhyggja ráði ríkjum á Vesturlöndum og reyndar er það svo að margir eru hreinlega að drukkna í dóti. Hafi fólk áhuga á að gera eitthvað í málunum – hvort sem er að koma smá skikki á heimilið eða losa sig við megnið af veraldlegum eigum sínum – er hjálpin þó innan seilingar.

Fyrst verður kynnt til leiks hin japanska Marie Kondo en bók hennar, „Taktu til í lífi þínu!“, hefur verið þýdd á fjölda tungumála, m.a. íslensku, og Netflix-þættir hennar hafa notið mikilla vinsælda. Svo hátt skín frægðarsól Kondi að ný sögn hefur rutt sér til rúms; „to kondo“ eða „að kondóa“, í merkingunni að taka til að hætti Kondo.

Ein tiltekt dugar

Kondo segir flesta gera þau mistök að vera stanslaust að taka til. Ein tiltekt á hins vegar að vera nóg og áhrifin eiga að geta verið varanleg. Til að svo megi verða þarf fólk að losa sig við allan óþarfa og finna síðan hlutunum stað þar sem auðvelt er að nálgast þá og ganga frá þeim aftur. Grunnstefið er að losa sig við allt sem ekki nýtist eða veitir gleði en það getur verið þrautin þyngri.

Fyrsta skrefið í Mari Kondo aðferðinni er að fara í gegnum alla hluti, fót, bækur o.s.frv. og meta hvort hlutur eigi sér áfram tilverurétt á heimilinu. Það er gert með því að snerta hlutinn og spyrja hvort hann veiti eigandanum gleði. Ef svo er ekki er honum þökkúð þjónustan og hann kvaddur. Ráðist er í þetta verkefni eftir flokkum, en ekki herbergjum, og byrjað á þeim flokkum sem teljast auðveldir, þ.e. ekki miklar tilfinningar í spilunum. Tilvalið er að byrja á fötum og skal þá tína til allar flíkur hvar sem þær eru geymdar og setja í einn haug þannig að eigandinn neyðist til að horfast í augu við magnið.

Þegar eftir standa hlutir sem veita eigandanum gleði þarf að finna þeim góðan stað. Kondo kennir fólki að rúlla upp sokkum,

brjóta saman boli og ganga haganlega frá öllum hlutum. Takist þetta mun lífið, að sögn, breytast til hins betra.



Mari Kondo leggur áherslu á að fót séu brotin saman og sokkum rúllað upp og þau geymd þannig að auðvelt sé að nálgast.

Henda til að kaupa meira?

Allt hljómar þetta skynsamlega og ljóst er að Kondo væri ekki jafn vinsæl og raun ber vitni ef hún hefði ekki eitthvað til síns máls. Það kom því mörgum á óvart þegar Kondo opnaði netverslun þar sem kaupa má alls kyns varning, þar af ýmislegt sem telst alls ekki til nauðpurfta. Kondo svaraði gagnrýninni á þann veg að hún væri ekki að ýta undir neysluhyggju heldur væri hún að gefa neytendum tækifæri til að kaupa hluti sem veita þeim gleði.



Einfaldara líf - minna stress

Tiltekt í fataskápnnum gæti verið fyrsta skrefið á átt að einfaldara lífi

Hin bandaríska Courtney Carver ákvað að einfalda líf sitt þegar hún var greind með MS- sjúkdóminn árið 2006. Markmið hennar var fyrst og fremst að minnka streitu og ná stjórn á fjármálum sínum. Hún hefur gefið út bækur og heldur úti vefsíðunni bemorewithless.com þar sem finna má ýmis góð ráð. Carver mælir með því að fólk byrji smátt og smátt að losa sig við dót og koma meira skipulagi á lífið. Hún er að þessu leyti ólík Kondo sem mælir með því að tekist sé á við verkefnið í áhlaupi en báðar dásama þær frelsið og léttinn sem felst í því að fækka veraldlegum eignum.

Verkefni 333

Árið 2021 tók Carver málin í sínar hendur þegar henni þótti fataskápurinn vera orðinn fullmikill stressvaldur. Hún ákvað að fara í átak sem fólst í því að takmarka innihald fataskápsins við 33 hluti (flíkur, skó og fylgihluti) í þrjá mánuði. Verkefnið kallar hún Project 333.

Carver segir hægt að minnka stress umtalsvert með því að fækka flíkum í skápnnum. Þar fyrir utan gefur fatagrisjun betri yfirsýn og meira pláss, sparar pening og minnkar sektarkennd. Þá eru líkur á því að tiltektin í fataskápnnum dreifi sér yfir á öðra þætti lífsins. Carver mælir með því að fólk geymi öll föt á sama stað. Þegar föt, skór og fylgihlutir eru úti um allt hverfur yfirsýnin.

Samkvæmt Carver sýna rannsóknir að við notum 20% af fötunum 80% af tímanum. Sjálf hafi hún, eins og svo margir, byrjað morgnana á að stara inn í yfirfullan fataskápinn kvartandi yfir því að eiga ekkert til að fara í. Í hvert skipti sem hún opnaði skápinn upplifði hún líka samviskubit. Þarna héngu föt sem voru vitnisburður um mislukkuð innkaup, peningaeyðslu sem ekki var hægt að réttlæta, föt í stærðum og sniðum sem ekki hentuðu lengur og jafnvel gjafir sem voru gefnar af góðum hug en höfðu aldrei fallið í kramið.



Carver mælir með því að fólk geymi öll föt á sama stað. Þegar föt, skór og fylgihlutir eru úti um allt hverfur yfirsýnin. Ef verðmiðinn hangir enn á flíkinni er rétt að gefa hana. Flíkin með midanum á gerir ekkert annað en minna þig á slæm kaup.

Sjálf segir Carver það hafa komið sér á óvart hversu mikil viðbrögð hún fékk við Project 333 en henni var meðal annars boðið í þátt Oprah Winfrey til að segja frá reynslu sinni. Á vefsíðunni bemorewithless.com má finna góðar ráðleggingar fyrir þá sem vilja láta á það reyna að takmarka fataskápinn við 33 hluti í þrjá mánuði.



Efnishyggjutiltekt

The Home Edit er angí af þeirri tiltektartísku sem tröllríður öllu um þessar mundir en á í raun ekkert skylt við mínímalískan lífsstíl eða naumhyggju. Vinkonurnar Clea Shearer og Joanna Tepli stofnuðu fyrirtækið The Home Edit árið 2015. Þær bjóða upp á tiltektarþjónustu og selja einnig alls kyns skipulagsvarning. Á sölusíðu fyrirtækisins homeedit.com má sjá óendanlegt úrval af hirslum, merkimiðum og herðatrjám sem auðveldlega freista fólks í tiltektarhugleiðingum. Hér er þó ekki gerð krafa um að fólk minnki við sig draslið, þvert á móti miðast aðferðin við að koma því öllu fyrir á skipulagðan hátt, helst í gagnsæjum plast-hirslum af öllum stærðum og gerðum, og skal öllu raðað eftir lit, meira að segja þökkuðum matvörum í eldhússkápum.



Sem flestu skal komið fyrir í plastílátum eða annars konar hirslum en þær stöllum hafa einmitt lífibrauð sitt af því að selja ílát og skipulagsvarning.

Í fyrra kom út þáttaröð á Netflix, Get Organised, sem sýnir þær stöllum fara á heimili fólks, ríkra og frægra sem og almúgans, og taka til hendinni. Vörulínu þeirra er óspart hampað í þáttunum enda virðist ekki hægt að ná stjórn á hlutunum nema með sérstökum ílátum og hirslum svo sem litlum plasthirslum fyrir eyrnapinna, plastílátum fyrir morgunkornið eða plastupphækkunum fyrir dósirnar aftast í skápnum. Hafa þættirnir verið gagnrýndir fyrir að líkjast meira allsherjar auglýsingu fyrir vörumerkið og ýta undir neysluhyggju frekar en hitt.

Þess virði að sleppa takinu

Vinirnir Joshua Fields Millburn og Ryan Nicodemus hafa boðað mínímalískan lífsstíl um árabíl. Báðir voru þeir vel stæðir og í góðum störfum en eftir persónulegt áfall ákvað Millburn að breyta um lífsstíl. Hann losaði sig við megnið af persónulegum eignum og varð allur annar. Nicodemus sá jákvæða breytinguna á vini sínum og spurði hverju sætti. Í framhaldinu ákvað hann að fara sömu leið og úr varð samvinna sem hefur skotið þeim félögum upp á stjörnuhiminn grisjara. Þeir halda úti vefsíðunni theminimalists.com. og hafa gefið út nokkrar bækur og tvo Netflix-þætti og haldið fjölda fyrirlestra.

Það er þó ekki svo, að þeirra sögn, að lífið breytist ósjálfrátt til hins betra bara við það að grynna á dótinu. Tæknilegi hlutinn sé ekki erfiður, þ.e. að losa sig við eigurnar, en ef fólk er ekki með það á hreinu hvers vegna það leggur í þessa vegferð eru líkur á að allt fari í sama farið. Fólk skilgreinir sig gjarnan út frá efnislegum eignum og trúir því að hlutir færi því gleði og hamingju. Eigurnar eru þó ekki vandamálið í sjálfu sér heldur sú staðreynd að við tengjumst þeim tilfinningalegum böndum og það heftir okkur. Það geti verið erfitt að sleppa takinu en það sé vel þess virði.

Sankarar í dulargerfi

Millburn og Nicodemus hafa illan bifur á tiltektarsérfræðingum, „organizers“, eins og þeim sem áður hafa verið nefndir, og segja þá sigla undir fölsku flaggi. Það sé í raun enginn munur á þeim og sönkurum (e. hoarders). Báðir hafa það markmið að sanca að sér meira dóti en sankararnir eru litnir hornauga ólíkt þeim sem kunna að koma öllum eignum sínum skipulega fyrir. Þegar öllu er á botninn hvolft sé tiltektarskipulagsáráttan þó ekkert annað en vel skipulögð sönkun sem eigi ekkert skylt við naumhyggju.

Breyttur lífsstíll - betra líf

Árið 2016 gaf Áslaug Guðrúnardóttir út bókina Mínilískur lífsstíll – það munar um minna, þar sem hún segir frá reynslu sinni og gefur góð ráð. Neytendablaðið náði tali af Áslaugu til forvitnast um reynslu hennar.

Þegar Áslaug er spurð um kosti þess að stunda mínilískan lífsstíll nefnir hún léttinn sem fylgir minni óreiðu. „Þegar búið er að losa sig við allan óþarfa fer minni tími í tiltekt og þar af leiðandi er auðveldara að halda í horfinu.“ Áslaug segir einnig að mínilískur lífsstíll sé góður fyrir fjárhaginn því fólk hætti hugsunarlausum innkaupum. Fólk kaupir gjarnan betri og vandaðri hluti sem endast en sjálf segist hún leyfa sér að kaupa vönduð fót og þá skipti verðið ekki öllu máli.

En hvernig leiddist hún inn á þessa braut? Áslaug segist alltaf hafa viljað hafa hlutina í röð og reglu og aldrei verið mikil neysluhyggjumanneskja. Hún hafi þó ekki stigið skrefið til fulls fyrr en fjölskyldan flutti úr 300 fermetra einbýlishúsi í mun minna hús. Áslaug áætlað að við flutninginn hafi þau hjónin losað sig við tvo þriðju af öllu því sem var í stóra húsinu og því fylgdi mikill léttir. Áslaug segir það koma fyrir að hún sakni hússins, sérstaklega garðsins og kannski þess að geta haldið stórar veislur en það séu þó smámunir.

Aðspurð segir Áslaug að það skipti máli fyrir hjón eða sambýl- isfólk að vera samstíga en hvernig gekk henni að fá manninn sinn með á vagninn? Áslaug segist hafa fengið sjokk þegar hún sá fataherbergið hans í fyrsta skipti. „Þar voru öll jakkaföt lífsins og allt sem þeim fylgdi, maðurinn hafði ekki notað bindi árum saman en samt átti hann um það bil 50 stykki svo það má ímynda sér safnið af öllu hinu, bæði fötum og skóm. Ég fékk náðarsamlegast leyfi (eftir að við fórum að búa saman) til að hjálpa honum að grísa þetta og síðan hefur hann verið mun meðvitaðri um þessa hluti.“

Tekið til í dagskránni

Áslaug leggur áherslu á að mínilískur lífsstíll snúist ekki aðeins um að fækka veraldlegum eignum heldur líka að einfalda lífið. Öll eigum við það til að fylla dagskrána af ótal verkefnum og viðburðum og sumt gerum við meira af skyldurækni en af áhuga. Það sé því ákveðin andleg tiltekt fólgin í því að skera niður dagskrána og hægja á.



Áslaug segir börn ekki síður njóta ágóðans af mínilískum lífsstíl enda bendi margt til að börnum líði ekki alltof vel í þeim hraða lífsstíl sem við höfum tileinkað okkur. Börn eigi gjarnan allt of mikið af dóti og hafi of mikið að gera rétt eins og foreldrarnir. Tímstundir og félagslíf barna er vissulega mikilvægt en það sé líka hægt að gera of mikið af því góða. Flestir foreldra þurfa að erindast með börnin og það geti verið mikill streituvaldur og engum til ánægju. Það verður vissulega ekki hjá því komist að erindast en í anda mínilíks lífsstíls væri markmiðið að fækka slíkum ferðum og reyna að komast í þær án barna ef það er hægt.



Áslaug heldur mikið upp á þetta fallega bollastell sem áður var í eigu ömmu hennar og afa. Hún segist nota það þegar gestir koma í kaffi enda engin ástæða til að spara fallega muni eins og okkur hettir oft til.

Að lokum er ekki úr vegi að spyrja hvað fólk geti gert til að halda sér við efnið. Er hætt á því allt fari aftur í sama farið og dótið byrji hægt og sigandi að safnast aftur upp? Áslaug segir það ekki sína upplifun, þvert á móti séu allar líkur á að þessi breyting á hugarfari og lífsstíl verði varanleg þó að hún eins og aðrir þurfi að hreinsa til í kringum sig öðru hvoru. „Hver vill ekki meiri tíma, meira pláss, meiri pening og meiri ró,“ segir Áslaug að endingu.



svanurinn.is

VELDU SVANSVOTTAD
FYRIR UMHVERFIÐ
OG HEILSUNA

UMHVERFIS
STOFNUN